



ALMENNI
LÍFEYRISJÓÐURINN

ÁRSSKÝRSLA 2014

1965–2015
50 ÁRA FARSÆL SAGA

EFNISYFIRLIT

YFIRLIT UM STARFSEMI SJÓÐSINS

Til þjónustu reiðubúin	3	Áhættudreifing í lokuðu hagkerfi	15
Gott ár að baki	4	Erlendar eignir	16
Yfirlit um starfsemi sjóðsins	5	Erlend hlutabréf	17
Ávöxtunarleiðir	6	Tíu stærstu útgefendur skuldabréfa	18
Stjórn og endurskoðunarnefnd	7	Tíu stærstu útgefendur hlutabréfa	19
Starfsfólk og skrifstofa	8	Tryggingafræðileg staða	20
Ávöxtun 2014	9	Próun lífeyris, góð lífeyrisréttindi	21
Fjárfestingarumhverfið 2014	10	Rekstrarkostnaður	22
Fjárfestingastefna 2015	11	Lán til sjóðfélaga	23
Eignasamsetning	12	Lífeyrisgreiðslur	24
Skuldabréf	13		
Innlend hlutabréf	14		

ÁRSREIKNINGUR

Skýrsla stjórnar	26
Áritun óháðs endurskoðanda	28
Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris	29
Efnahagsreikningur	30
Sjóðstreymisyfirlit	31
Skýringar	32
Sérgreint yfirlit um rekstur og efnahag séreignarsjóðs árið 2014	40
Sérgreint yfirlit um rekstur og efnahag samtryggingarsjóðs árið 2014	52

FYLGISKJÖL

Útdráttur úr fjárfestingarstefnu 2015	57
Útdráttur úr áhættustefnu 2015	60
Stjórnarháttayfirlýsing	61

Til þess að fara aftur í efnisyfirlit, smellið á táknid neðst í hægra horni síðu 

TIL ÞJÓNUSTU REIÐUBÚIN



Þjónusta Almenna lífeyrissjóðsins er sett þannig fram að sjóðfélagar geti notið hennar sem best. Hvort sem sjóðfélögum hentar að koma á skrifstofu sjóðsins, hringja, senda tölvupóst, eða nota vefsíðuna okkar, erum við til þjónustu reiðubúin.

VELKOMIN Í BORGARTÚN 25

Skrifstofa sjóðsins er á 5. hæð í Borgartúni 25 og er opin virka daga frá kl. 9:00 til 16:00.

Smelltu **HÉR** til að skoða staðsetninguna á korti.



HVERNIG STENDUR ÞÚ?

Almenni lífeyrissjóðurinn leggur mikla áherslu á að miðla upplýsingum til sjóðfélaga með það að markmiði að hver og einn geri sér grein fyrir stöðu sinni í lífeyrismálum. Lögð er áhersla á að sjóðfélagar skoði stöðu sína sem fyrst þannig að hægt sé að bregðast við ef breytinga er þörf.

- Stöðufundir eru einkafundir sjóðfélaga með ráðgjafa þar sem farið er ítarlega yfir lífeyrismál hans. Smelltu **HÉR** til að bóka stöðufund.
- Viðtöl og símtöl. Ráðgjafar Almenna lífeyrissjóðsins eru einnig til taks ef sjóðfélaga vantar upplýsingar eða ráðgjöf sem hægt er að veita í síma, á styttri fundum eða í tölvupósti. Síminn er 510 2500 og netfangið almenni@almenni.is.
- Sjóðfélagavefur er læstur vefur sem sjóðfélagar komast inn á með íslykli eða rafrænum skilríkjum. Þar er hægt að fylgjast með inneign og réttindum. Smelltu **HÉR** til að opna sjóðfélagavef.
- Yfirlit. Tvisvar á ári sendir sjóðurinn yfirlit í pósti til sjóðfélaga. Algengt er að sjóðfélagar óski eftir að hætta að fá yfirlitin send. Það er hægt að gera á einfaldan hátt **HÉR** á sjóðfélagavefnum.

Séreign inn á lán

Helstu atriði

Stjórnvöld hafa lagt fram frumvarp um heimild til að nota séreignarspamað til að greiða inn á lán og til húsnæðisspamaðar af óskattgöllum tekjum. Á þessari síðu er að finna helstu atriði varðandi málið. Þeir sem ekki eru búnir að ganga frá ráðstöfun viðbótarlífeyrisspamaðar inn á húsnæðislán þurfa að hafa snör handtöku til að fá skattaflátt frá 1. júlí þarf að sækja um í síðasta lagi 31. ágúst. Umsóknir sem berast 1. september eða síðar álíta aðeins frá þeim tíma sem þær berast. Gangi þarf frá ráðstöfuninni á www.leidretting.is.

Greiðslur inn á lán

- Heimilt að greiða 1.500 þúsund krónur á 3 árum fyrir einstakling en 2.250 þúsund fyrir hjón eða einstaklinga sem uppfylla skilyrði til samskiptunar.
- Heimilt að greiða allt að 4% framlag launþega og 2% framlag launagreiðanda, hámark 500 þús. kr. á ári fyrir einstakling en 750 þús. fyrir hjón eða einstaklinga sem uppfylla skilyrði til samskiptunar.
- Gildir fyrir iðgjöld sam verða greidd fyrir tímabilið 1. júlí 2014 til 30. júní 2017.
- Skilyrði er að lán sé tekið til ólunar eigin húsnæðis, tryggt með veði og að vaxtagjöld séu grundvöllur til vaxtabóta (lán á reit 5.2 í skattframtali).
- Heppilegast er að velja **Innlánasafn** fyrir þá sem hyggjast nýta sér að greiða viðbótarlífeyrisspamað inn á húsnæðislán.

Húsnæðisspamaður

- Þeir sem eiga ekki íbúðarhúsnæði geta nýtt séreignarspamað með skattaflátti til kaupna á íbúðarhúsnæði til eigin nota.
- Hægt að kaupa íbúðarhúsnæði til 30. júní 2019, vegna iðgjalda á tímabilinu 1. júlí 2014 til 30. júní 2017, án þess að skattafláttur falli niður.
- Kaupi fjölskylda íbúðarhúsnæði fyrir 30. júní 2017 er heimilt að sækja um að greiða séreignarspamað inn á áhvilandi lán á viðkomandi fasteign út gildistímann.
- Skilyrði er að einstaklingur hafi ekki átt fasteign 1.7.2014 og fram að þeim tíma þegar hann sækir um ráðstafa séreignarspamaðinn inn á húsnæðislán. Húsnæðið þarf að vera til eigin nota (ekki er gerð krata um fyrstu íbúðar kaup).



- Framlag launagreiðanda verður ekki hærra en 167.000 á ári fyrir einstaklinga en 250.000 fyrir hjón.
- Til að einstaklingur fyllniti skattafláttinn með 2% iðgjaldi þarf hann að hafa um **1.390 þúsund í mánaðarlaun** og hjón um **2.100 þúsund**.
- Með 4% iðgjaldi þarf einstaklingur að vera með um **695.000** til að fyllniti skattafláttinn en hjón með rúmlega **1.040 þúsund**.

Heimild og nánari upplýsingar: Vefur Fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Í fræðslugreininni Hægrí vasi eða vinstri með skattaflátti er farið ítarlegar yfir málið. Smelltu hér til að skoða greinina. Í nýju myndskotið er farið yfir málið á rúmi minútu. Smelltu hér til að horfa.

Hefja viðbótar-spamað



European Pensions AWARDS 2014



Spurt og svarað

Fræðsla og ráðgjöf

Myndbönd

Reiknivélar

FORSIÐA

LÍFEYRISJÓÐUR

VIÐBÓTARSPARNADUR

ÁVÖXTUN

LÁN

UM ALMENNA

Tófratalan 3,5

Hvað þarftu að eiga mikið til að fá áættanleg eftirlaun?

Hvað þarftu að leggja mikið fyrir til þess að ná því?

[Lesið meira](#)

Breyttur sparnaðartími hefur áhrif á val á ávöxtunarleið

Hvaða ávöxtunarleið hentar ef ég vel að greiða séreign inn á lán?

Hvernig og hvenær greiðist séreign inn á húsnæðislán?

[Lesið meira](#)

Fræðsla og ráðgjöf

23. desember 2014

Að lífa lengur og betur – fræðslugreim

Hvaða áhrif hefur lenging meðalevið á eftirlaunarspamað? Hvernig eiga einstaklingar að bregðast við spám um lengri meðalevið? Meðalevið er á Vesturlöndum hefur lengst mikið á undanförnum árum og áratugum. Í fræðslugreinni er fjallað um hvernig hægt er að búa sig... [Lesið meira](#)

1. október 2014

Tófratalan 3,5

Hvað þarftu að eiga mikið til að fá áættanleg eftirlaun? Hvað þarftu að leggja mikið fyrir til þess að ná því? Það getur verið gagnlegt að nota reiknivél til að gera áættanir eða setja sér markmið. Í þessari fræðslugreim... [Lesið meira](#)

12. ágúst 2014

Lán hjá Almenni, myndband

Fræðsla og ráðgjöf

Form

- Greinar (50)
- Myndskeið (6)

Efni

- Eftirlaun (33)
- Lán (14)
- Ávöxtun (19)

Fyrir hverja

- Að safna (47)
- Stutt í lífeyri (17)
- Á lífeyri (9)

Lykilorð

- Sameign (22)
- Séreign (39)
- Áttalífeyrir (14)

UPPSPRETTA UPPLÝSINGA

Á vef sjóðsins www.almenni.is er að finna hafsjo af upplýsingum sem nýtast sjóðfélögum. Þar er daglega birt gengi ávöxtunarleiða og reglulega eru birtar fréttir sem snúa að sjóðfélögum eða starfsemi sjóðsins. Sérstök áhersla er lögð á fræðsluefni en á vefnum er að finna hagnýtar fræðslugreinar og myndbönd um lífeyrismál. Smelltu **HÉR** til að skoða fræðsluefni á vefsíðu sjóðsins.

HÆKKUN Í 4%

Um mitt ár 2014 var heimilt á ný að greiða 4% af launum í viðbótarlífeyrisspamað til viðbótar við 2% framlag vinnuveitanda. Mjög algengt hefur verið að sjóðfélagar hækki sparnaðinn í 4%. Áhuginn á hækkuninni er ekki eingöngu til að hækka eftirlaunin heldur einnig vegna

aðgerða stjórnvalda til lækkunar á skuldastöðu heimila. Í þrjú ár frá miðju ári 2014 er heimilt að greiða iðgjöld viðbótarlífeyrisspamaðar skattfrjálst inn á húsnæðislán eða húsnæðisspamað. Þetta einstaka tækifæri hafa margir sjóðfélagar nýtt sér. Hægt er að kynna sér málið nánar og sækja um hækkun með því að smella **HÉR** og skoða sérstaka upplýsingasiðu um málið.

VIÐURKENNINGAR


Almennir lífeyrissjóðurinn leggur metnað í að veita sjóðfélögum sem besta þjónustu og miðla upplýsingum sem best til þeirra. Þrjú alþjóðleg tímarit hafa veitt þessu athygli og á síðasta ári var sjóðurinn valinn meðal 5 bestu lífeyrissjóða í Evrópu að mati IPE tímaritsins, í fremstu röð í miðlun upplýsinga til sjóðfélaga af tímaritinu European

Pensions og besti lífeyrissjóður á Íslandi af World Finance tímaritinu. Þessar viðurkenningar eru sjóðnum hvatning til að halda áfram á sömu braut.

ÞRIÐJUNGS FJÖLGUN

Í lok árs 2013 var vefsíða sjóðsins endurnýjuð. Nýja útlitinu virðist hafa verið vel tekið og hefur heimsóknunum á síðuna, www.almenni.is, fjölgað um tæpan þriðjung á árinu 2014 samanborið við árið á undan.

YFIRLIT UM STARFSEMI SJÓÐSINS



EIGNIR UM 156,5 MILLJARÐAR

Heildareignir Almenna lífeyrissjóðsins voru um 156,5 milljarðar króna í árslok 2014 og stækkaði sjóðurinn um 14 milljarða á árinu eða 9,8%. Sjóðfélagar í árslok voru 39.953.

ALMENNI

Almennir lífeyrissjóðir eru fullgildir lífeyrissjóðir og hefur starfsleyfi samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sjóðurinn er öllum opinn en er jafnframt starfsgreinasjóður arkitekta, leiðsögumanna, lækna, hljómlistarmanna og tæknifræðinga. Lífeyrissjóðir þessara stétta hafa sameinast Almenna lífeyrissjóðnum og greiða félagar þeirra lágmarksiðgjöld í hann. Sjóðurinn hentar líka þeim sem geta valið í hvaða lífeyrissjóð þeir greiða lágmarksiðgjöld og einnig þeim sem vilja greiða viðbótariðgjöld í lífeyrissjóð til að auka ráðstöfunartekjur sínar á eftirlaunaárunum.


IÐGJALD

Lágmarksiðgjald í Almenna lífeyrissjóðinni er 12% af launum og skiptist þannig að 4% greiðast í séreignarsjóð og 8% í samtryggingarsjóð. Með greiðslu í samtryggingarsjóð safna sjóðfélagar fyrir ævilöngum ellilífeyrisgreiðslum auk þess að ávinna sér rétt á örorku- og barnalífeyri við starfsorkumissi og maka- og barnalífeyri við fráföll sjóðfélaga. Viðbótariðgjald (iðgjald umfram 12% af launum) er greitt í séreignarsjóð. Séreignarsjóður er laus til útborgunar frá 60 ára aldri.

50 FARSÆL ÁR

Almennir lífeyrissjóðir samanstendur af átta lífeyrissjóðum sem hafa sameinast á mismunandi tímum. Lífeyrissjóður Tæknifræðingafélags Íslands er elstur þessara sjóða en hann var stofnaður árið 1965 og því á Almenni lífeyrissjóðurinn 50 ára afmæli í ár. Þeir lífeyrissjóðir sem sameinast hafa í Almenna lífeyrissjóðinn eru (stofnár í sviga): ALVÍB (1990), Lífeyrissjóður arkitekta (1967), Lífeyrissjóður arkitekta og tæknifræðinga (1998), Lífeyrissjóður starfsmanna SÍF (1968), Lífeyrissjóður FÍH (1970), Lífeyrissjóður Félags leiðsögumanna (1977), Lífeyrissjóður lækna (1967) og Lífeyrissjóður Tæknifræðingafélags Íslands (1965).

ÁVÖXTUNARLEIÐIR



SKIPTING EIGNA

Í árslok 2014 voru 53% eigna í séreignarsjóði og 47% í samtryggingarsjóði. Ævisafn II er stærsta ávöxtunarleidd séreignarsjóðs og Innlánaafnið er næst stærst.

BLANDAÐUR LÍFEYRISSJÓÐUR

Almenni lífeyrissjóðurinn er blandaður lífeyrissjóður að því leyti að iðgjöld sjóðfélaga eru greidd í bæði samtryggingar- og séreignarsjóð.

SÉREIGNARSJÓÐUR

Í séreignarsjóði eru iðgjöld sjóðfélaga greidd á sérreikning hans ásamt ávöxtun ár hvert. Inneign sjóðfélaga í séreignarsjóði er laus til útborgunar við 60 ára aldur. Inneignin erfist við fráfall. Ávöxtunarleiddir séreignarsjóðs eru sex. Þær eru Ævisafn I, Ævisafn II, Ævisafn III, Ríkissafn langt, Ríkissafn stutt og Innlánaafn. Ævisafn I, II og III eru blönduð verðbréfasöfn með innlánnum, skuldabréfum og hlutabréfum. Innlánaafnið fjárfestir eingöngu í innlánnum,

Ríkissafn langt fjárfestir í ríkisskuldabréfum með löngum meðaltíma og Ríkissafn stutt fjárfestir í ríkisskuldabréfum með stuttum meðaltíma og innlánnum.

SAMTRYGGINGARSJÓÐUR

Með greiðslum í samtryggingarsjóð ávinna sjóðfélagar sér rétt á ævilöngum ellilífeyrisgreiðslum frá 70 ára aldri, örorku- og barnalífeyri við starfsorkumissi og maka- og barnalífeyri til eftirlifandi maka og barna við fráfall.

- Sjóðfélagar geta hafið töku ellilífeyris á aldrinum 60 til 70 ára.
- Örorkulífeyrir er greiddur ef sjóðfélagi missir starfsgetu og orkutap er metið 50% eða meira.

- Makalífeyrir er greiddur úr samtryggingarsjóði í 30 mánuði við fráfall sjóðfélaga og lengur ef yngsta barn sjóðfélaga er yngra en 20 ára.
- Sjóðurinn greiðir tvöfalt hærri barnalífeyri en lágmarkslífeyri samkvæmt lögum og fjórfalt hærri barnalífeyri eigi barn látins sjóðfélaga hvorki foreldri né kjörforeldri á lífi.

Lífeyrisgreiðslur eru verðtryggðar og breytast mánaðarlega í takt við breytingar á vísitölu neysluverðs. Eignir samtryggingarsjóðs eru ávaxtaðar í sérgreindu verðbréfasafni. Fjárfestingarstefna samtryggingarsjóðs tekur mið af réttindakerfi, lífeyrisbyrði og áætluðu framtíðargreiðsluflæði vegna lífeyrisskuldbindinga sjóðsins.



STJÓRN OG ENDURSKOÐUNARNEFND



AÐALSTJÓRN ALMENNA LÍFEYRISSJÓÐSINS ÁRIÐ 2014.

Fremri röð:

Sigríður, Hrönn og Ástríður.

Aftari röð:

Ólafur, Ragnar Torfi og
Oddur.

STJÓRN SJÓÐSINS

Stjórn sjóðsins er skipuð sex sjóðfélögum, kjörnum á ársfundi til þriggja ára í senn. Varamenn í stjórn eru þrír. Á hverju ári eru kosnir tveir aðalmenn í stjórn og einn varamaður.

STJÓRNARFUNDIR

Stjórnin fundar að jafnaði einu sinni í mánuði og oftast ef tilefni er til.

Á tímabilinu frá apríl 2014 til febrúar 2015 fundaði stjórnin 11 sinnum. Stjórnarmenn hafa auk þess mætt á ýmsa fundi milli stjórnarfunda til að greina mál eða afgreiða milli funda.

STJÓRN 2014

Aðalmenn:

Oddur Ingimarsson, formaður

Hrönn Sveinsdóttir, varaformaður

Ástríður Jóhannesdóttir

Ólafur H. Jónsson

Ragnar Torfi Geirsson

Sigríður Sigurðardóttir

Til vara:

Pétur Þorsteinn Óskarsson – til eins árs

Anna Karen Hauksdóttir

Davíð Ólafur Ingimarsson

Kosin/n á ársfundi

2013

2012

2012

2014

2013

2014

2014

2013

2014

ENDURSKOÐUNARNEFND

Samkvæmt samþykktum sjóðsins skipar stjórn þriggja manna endurskoðunarnefnd til eins árs. Hlutverk nefndarinnar er að leitast við að tryggja áreiðanleika ársreikninga ásamt óhæði endurskoðenda sjóðsins auk þess að hafa eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits og áhættustýringar. Í endurskoðunarnefndinni árið 2014 til 2015 sitja Gísli Hlíðberg Guðmundsson formaður, Eiríkur Þorbjörnsson og Ólafur H. Jónsson.



STARFSFÓLK OG SKRIFSTOFA



STARFSFÓLK SJÓÐSINS

Frá vinstri: Brynja, Gunnar, Árný, Lóa (fyrir aftan), Kristjana, Jóna M., Tryggvi, Una, Halldór, Eva, Helga (aftast), Kristín, Amalía, Ólafur, Anna, Sigríður, Sigrún, Jóna B., Þórhildur, Grétar og Daníel.

VERIÐ VELKOMIN Í BORGARTÚN 25

Skrifstofa sjóðsins er í Borgartúni 25, Reykjavík. Skrifstofan er opin virka daga frá kl. 9–16 en þar er góð aðstaða til að taka á móti sjóðfélögum.

RÁÐGJAFAR OG MÓTTAKA

Ráðgjafar sjóðsins eru fjórir og geta sjóðfélagar leitað til þeirra um sérhæfða þjónustu og ráðgjöf um lífeyrismál.

Þórhildur Stefánsdóttir, deildarstjóri	thorhildur@almenni.is
Brynja Margrét Kjærnested, ráðgjafi	brynja@almenni.is
Eva Ósk Eggertsdóttir, ráðgjafi	eva@almenni.is
Tryggvi Thoroddsen, ráðgjafi	tryggvi@almenni.is
Sigrún Erlendsdóttir, móttaka	sigrun@almenni.is
Halldór Bachmann, kynningarstjóri	halldor@almenni.is

IÐGJALDA- OG LÍFEYRISDEILD

Iðgjalda- og lífeyrisdeild sér um skráningu iðgjalda og greiðslu lífeyris.

Amalía Berndsen, deildarstjóri	amalia@almenni.is
Anna Guðmundsdóttir	anna@almenni.is
Árný Benediktsdóttir	arny@almenni.is
Jóna Margrét Sigurðardóttir	jona@almenni.is
Una Hafðís Hauksdóttir	una@almenni.is

EIGNASTÝRING

Eignastýringarteymi sjóðsins sér um stýringu eigna í samræmi við fjárfestingarstefnu. Fjárfestingarstjóri stýrir störfum teymisins.

Kristjana Sigurðardóttir, fjárfestingarstjóri	kristjana@almenni.is
Helga Indriðadóttir, sjóðstjóri	helga@almenni.is
Ólafur Heimir Guðmundsson, sjóðstjóri	olafur@almenni.is
Grétar Már Axelsson, sjóðstjóri	gretar@almenni.is

BÓKHALD

Bókhaldsdeild sér um daglegt bókhald, mánaðarlegar afstemmingar, skýrslur og árlegt uppgjör sjóðsins.

Jóna Bergþóra Sigurðardóttir	jonab@almenni.is
Lóa Rún Kristinsdóttir	loa@almenni.is
Kristín Sigurgeirsdóttir	kristin@almenni.is

REKSTUR

Rekstrarstjóri sér um rekstrarmál og hefur umsjón með framkvæmd og skipulagningu innra eftirlits. Skrifstofustjóri ber ábyrgð á réttinda- og fjárhagsbókhaldi og stýrir ráðgjöf og þjónustu við sjóðfélaga. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins.

Daníel Arason, rekstrarstjóri	daniel@almenni.is
Sigríður Ómarsdóttir, skrifstofustjóri	sigridur@almenni.is
Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri	gunnar@almenni.is



ÁVÖXTUN 2014

Ávöxtun í %	Ávöxtun 2014		Raunávöxtun á ári sl.	
	nafnávöxtun	raunávöxtun	3 ár	5 ár
Ævisafn I	9,8%	8,7%	9,8%	6,4%
Ævisafn II	8,7%	7,6%	7,6%	5,6%
Ævisafn III	4,8%	3,7%	4,0%	3,5%
Samtryggingarsjóður	7,3%	6,2%	6,6%	5,1%
Innlánasafn	3,2%	2,1%	2,0%	2,4%
Ríkissafn langt	1,0%	0,0%	0,1%	3,0%
Ríkissafn stutt	4,0%	2,9%	0,9%	1,4%

ÁVÖXTUN SÍÐUSTU ÁRA

Taflan sýnir nafn- og raunávöxtun síðasta árs, og raunávöxtun síðustu þriggja og fimm ára. Ávöxtun sjóðsins hefur verið með ágætum undanfarin ár.

ÁVÖXTUN 2014

Ávöxtunarleiðir Almenna lífeyrissjóðsins hækkuðu um 1,0% til 9,8% að nafnvirði á árinu 2014.

Hæst var raunávöxtunin í Ævisafni I eða 8,7% en lægst í Ríkissafni löngu. Raunávöxtun hefur verið góð undanfarin ár og síðastliðin fimm ár hefur hún verið 3,5% til 6,4% í blönduðum söfnum, 1,4% og 3,0% í ríkissöfnum og 2,4% í Innlánasafninu.

BLÖNDUÐ SÖFN HÆKKUÐ MEST

Blandaðar ávöxtunarleiðir þ.e. Ævisafn I, II, III og samtryggingarsjóður nutu allar góðs af hækkun erlendra eigna vegna hagstæðrar þróunar á mörkuðum og styrkingar USD. Ævisafn I hækkaði mest á árinu 2014 eða um 9,8%, Ævisafn II um 8,7%, Ævisafn III um 4,8% og samtryggingarsjóður um 7,3%.

RÍKISSAFN LANGT

Ríkissafn langt hækkaði um 1,0% á árinu en löng verðtryggð skuldabréf áttu undir högg að sækja þar sem ávöxtunarkrafa þeirra hækkaði yfir árið. Í árslok 2014 voru 94% eigna safnsins í verðtryggðum eignum og meðaltími þess var 9,4 ár.

RÍKISSAFN STUTT

Ríkissafn stutt hækkaði um 4,0% á árinu sem samsvarar 2,9% raunávöxtun. Í árslok 2014 voru 34% eigna safnsins í verðtryggðum eignum og meðaltími þess var 1,3 ár. Góð ávöxtun skýrist af lækkun á ávöxtunarkröfu óverðtryggðra skuldabréfa og lágrí verðbólgu.


VERÐTRYGGÐ INNLÁN

Innlánasafnið hækkaði um 3,2% á árinu sem samsvarar 2,1% raunávöxtun. Safnið ávaxtar eignir sínar á bundnum innlánsreikningum og vógu verðtryggð innlán um 93% af eignum í árslok.

GÓÐ LANGTÍMAÁVÖXTUN

Frá árinu 1990 hefur meðalraunávöxtun samtryggingarsjóðs verið 4,6% á ári að jafnaði eða um 1,1 prósentustigi yfir 3,5% ávöxtunarviðmiði lífeyrissjóða. Á sama tíma var meðalraunávöxtun Ævisafns II 4,1% en safnið hóf ekki að fjárfesta í hlutabréfum fyrr en árið 1998.

FJÁRFESTINGAUMHVERFIÐ 2014



VÍSITÖLUR OG HRÁVÖRUR

Myndin sýnir verðþróunina á árinu 2014 í helstu hrávörum og vísitölum. Mesta verðbreytingin á árinu var 44,5% lækkun á Brent olíu.

FJÁRFESTINGAUMHVERFIÐ 2014

Árið 2014 fór vel af stað en eftir því sem leið á árið varð séð að hagvöxtur á heimsvísu stóð ekki undir væntingum. Margir af helstu hagfræðingum heims deila á niðurskurðaraðgerðir og skort á fjárfestingu til að styðja við hagvöxt. Erfitt er að samræma hag- og peningamálastjórn vegna ólíks gangs í helstu hagkerfum heimsins. Helstu áskoranir snúa að vaxandi misskiptingu, lágu fjárfestingastigi og vaxandi pólitískri spennu í Evrópu.

ERLENDIR MARKAÐIR

Eftirköst skuldavanda Evruríkjanna birtust í því að lítið gekk að auka eftirspurn. Á sama tíma ógnar verðhjöðnun efnahagsumhverfinu og Seðlabanki Evrópu mun bregðast við með stórfelldri peningaprentun. Gamlir draugar kaldastríðsáranna vöknud við átökin í Úkraínu og

hefur viðbúnaður NATO verið stórauðinn í austanverðri Evrópu. Kínverjar reyna að stýra hagkerfi sínu milli skerja sem eru samdráttur í útflutningi, aukin skuldsetning og fasteignaverðbólga. Verð á helstu hrávörum lækkaði yfir árið og verð á olíu hrundi á seinni hluta ársins. Góður gangur hefur hins vegar verið í Bandaríkjunum og Bretlandi. Á heildina lítið standa vonir til þess að hagvöxtur á heimsvísu verði hófstílltur á árinu 2015.

ÍSLAND

Ágætur hagvöxtur mældist á árinu 2014 á Íslandi, studdur hagstæðri þróun á helstu útflutningsvörum og vaxandi tekjum af ferðaþjónustu. Erlendir fjárfestar hófu að sýna Íslandi áhuga á ný. Helstu efnahagsstærðir þróuðust með jákvæðum hætti; gengi krónunnar var stöðugt, verðbólga lág og jafnvægi á vinnumarkaði.

SKULDABRÉFAMARKAÐUR

Verðtryggð skuldabréf áttu erfitt uppdráttar á árinu í ljósi lágrar verðbólgu og lækkandi verðbólguvæntinga til næstu ára. Seðlabankinn lækkaði stýrivexti um 0,75 prósentustig í tveimur skrefum undir lok árs og varð það til þess að lyfta ávöxtun óverðtryggðra bréfa, sérstaklega á lengri endanum.

FJÁRFESTINGARSTEFNA



FJÁRFESTINGARSTEFNA 2015

Efnisyfirlit

- I. Almenni lífeyrissjóðurinn
 - II. Söguleg ávöxtun
 - III. Vænt ávöxtun og framreikningur
 - IV. Fjárfestingarstefna 2015
 - V. Viðmið
 - VI. Áhættustefna – útdráttur
- Reglur um lán til sjóðfélaga

Ítarleg stefna

Fjárfestingarstefna Almenna lífeyrissjóðsins er aðgengileg fyrir sjóðfélaga á vefsíðu sjóðsins, www.almenni.is.

NÝ FJÁRFESTINGARSTEFNA

Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins samþykkti í nóvember fjárfestingarstefnu fyrir árið 2015. Í henni eru upplýsingar um uppbyggingu Almenna lífeyrissjóðsins og er fjallað um samtryggingarsjóð og ávöxtunarleidir séreignarsjóðs. Farið er yfir sögulega áhættu verðbréfa og fjallað um samspil ávöxtunar og áhættu. Í framhaldi af þeirri umfjöllun er sett fram fjárfestingarstefna fyrir allar ávöxtunarleidir og fjárfestingarheimildir. Sérstakur kafli er um viðmið við kaup á verðbréfum og einnig útdráttur úr áhættustefnu lífeyrissjóðsins.

HELSTU BREYTINGAR FRÁ FYRRI STEFNU

Vægi hlutabréfa og skuldabréfa í fjárfestingarstefnu samtryggingarsjóðs hefur verið breytt. Nú er stefnt að jöfnu vægi skuldabréfa og hlutabréfa, en áður var stefnt að 60% vægi skuldabréfa og 40% vægi hlutabréfa. Þessi breyting er gerð með langtímasjónarmiði í huga og í stefnunni er horft til þess að stærsti hluti hlutabréfanna verði í erlendum hlutabréfum, til að auka áhættudreifingu.


Vægi einstakra flokka innlendra skuldabréfa í fjárfestingarstefnunni hefur verið breytt til samræmis við vægi þessara útgefenda á skuldabréfamarkaði. Þannig hefur hlutfall skuldabréfa fyrirtækja og fjármálastofnana verið aukið á móti lækkun á hlutfalli sveitarfélaga-skuldabréfa.

Stefna um hlutfall erlendra framtakssjóða (private equity) af erlendum hlutabréfum er nú 10% en áður var um heimildarákvæði að ræða (0–10%). Á móti lækkar stefna um hlutfall skráðra erlendra hlutabréfa.

Áhættustýring hefur verið innleidd hjá sjóðnum á grundvelli leiðbeinandi tilmæla um áhættustýringu frá FME. Kafli VI um áhættustefnu (útdráttur) er uppfærður með hliðsjón af uppfærðri áhættustefnu sjóðsins, samþykkt af stjórn lífeyrissjóðsins í nóvember 2014.



EIGNASAMSETNING



EIGNIR OG FJÁRFESTINGARSTEFNA

Hér sést að vægi erlendra hlutabréfa í ævisöfnum og samtryggingarsjóði er minna en stefnt er að í fjárfestingarstefnu sjóðsins og á móti er vægi innlendra skuldabréfa hærra. Vegna gildandi gjaldeyrishafta er ekki unnt að ná stefnu um erlend hlutabréf, en lífeyrissjóðurinn er langtímafjárfestir og hefur haldið óbreyttri stefnu þrátt fyrir höft.

UNDIRVIGT Á ERLENDUM HLUTABRÉFUM

Vægi erlendra hlutabréfa í Ævisöfnum I, II, III og í samtryggingarsjóði er minna en stefnt er að í fjárfestingarstefnu. Samkvæmt stefnu eru erlend hlutabréf stærsti hlutinn af hlutabréfum sjóðsins þar sem ekki er hægt að ná fullnægjandi áhættudreifingu á innlendum hlutabréfamarkaði. Vegna gjaldeyrishafta getur sjóðurinn ekki náð stefnu um erlend hlutabréf. Sjóðurinn er langtímafjárfestir og lítur á gjaldeyrishöftin sem tímabundin og hefur því ekki breytt stefnu um erlendar fjárfestingar þrátt fyrir höftin.

ERLEND VERÐBRÉF – MIKILVÆG TIL AÐ AUKA ÁHÆTTUDREIFINGU

Almenni lífeyrissjóðurinn stefnir að því að halda erlendum verðbréfum í eigu sjóðsins og auka vægi


þeirra þegar gjaldeyrishöftum verður aflétt í samræmi við fjárfestingarstefnu. Með því að fjárfesta í erlendum verðbréfum dreifist áhættan á fleiri hagkerfi en það íslenska sem er bæði smátt og einhæft.

VAL UM ÁVÖXTUNARLEIÐ Í SÉREIGN

Íðgjöld í séreignarsjóð eru greidd í ávöxtunarleið samkvæmt vali sjóðfélaga. Sjóðfélagar geta hvenær sem er skipt um ávöxtunarleið og valið þá leið sem hentar þeim best. Ráðgjafar sjóðsins eru tilbúnir að veita nánari upplýsingar og aðstoða við val á ávöxtunarleið. Hægt er að velja á milli þriggja ávöxtunarleiða sem fjárfesta í hlutabréfum, skuldabréfum og innlánum (ævisöfn), tveggja ríkisskuldabréfasafna auk innlánaafns.

RÁÐGJÖF AÐ VELJA SÖFN MEÐ GÓÐRI EIGNADREIFINGU

Ráðgjöf Almenna lífeyrissjóðsins er að blönduð og vel dreifð verðbréfasöfn séu góður kostur fyrir lífeyrissparnað, veiti góða áhættudreifingu og skili bestu ávöxtuninni til lengri tíma. Í efnahagsáföllum hefur komið í ljós mikilvægi þess að vera með vel dreifð eignasöfn. Mikilvægt er að dreifa fjárfestingum á milli innlána, skuldabréfa og hlutabréfa og einnig á milli ólíkra hagkerfa. Reynslan hefur sýnt að einnig er mikilvægt að dreifa áhættu á fleiri hagkerfi en Ísland.



* Um er að ræða meðalnafnávöxtun í stutta ríkissafninu

STÆRSTI EIGNAFLOKKURINN

Innlend skuldabréf eru stærsti eignaflokkurinn í ávöxtunarleiðum lífeyrissjóðsins. Vægi ríkisskuldabréfa í ævisöfnum og samtryggingarsjóði er nokkuð hátt sem skýrist af markaðsaðstæðum og takmörkuðu framboði annarra skuldabréfa. Þá hefur ávöxtunarkrafa skuldabréfa farið lækkanði á undanförmum árum, m.a. vegna aukinnar eftirspurnar og minnkandi útgáfu ríkisskuldabréfa.

INNLEND SKULDABRÉF

Stærsti eignaflokkur í blönduðum ávöxtunarleiðum lífeyrissjóðsins eru innlend skuldabréf. Skuldabréfin eru annars vegar markaðsskuldabréf sem eru oftast með föstum vöxtum og hins vegar sjóðfélagalán sem eru bæði með föstum og breytilegum vöxtum. Skuldabréfin eru að mestu verðtryggt nema ríkisskuldabréf í stutta ríkissafninu.

RÍKISSKULDABRÉF VEGA PUNGT

Vægi innlendra ríkisskuldabréfa er nokkuð hátt í ævisöfnum og samtryggingarsjóði. Skýringin er fyrst og fremst markaðsaðstæður og takmarkað framboð annarra skuldabréfa. Að undanförmum hefur framboð annarra skuldabréfa þó aukist nokkuð og líklegt er að vægi ríkisskuldabréfa minnki á næstu árum.

HAGSTÆÐ SJÓÐFÉLAGALÁN

Sjóðfélagalán vega nokkuð þungt í skuldabréfasöfnum sjóðsins. Sjóðfélagar eiga kost á að fá hagstæð lán hjá sjóðnum og sjóðurinn fær á móti stöðuga ávöxtun. Á liðnum áratugum hafa heimtur sjóðfélagalána verið góðar. Einstaklingar eru almennt góðir greiðendur og sjóðurinn fer fram á fasteignaveð til tryggingar greiðslu.

BINDITÍMI SKULDABRÉFA


Meðaltími skuldabréfa segir til um hversu lengi höfuðstóll er bundinn að jafnaði og er vísbending um verðnæmni skuldabréfa ef markaðsvextir breytast. Þannig er hægt að áætla verðbreytingu skuldabréfs með því að margfalda vaxtabreytingu með meðaltíma þess. Sem dæmi má nefna að skuldabréf með 10 ára meðaltíma hækkar um 10% í verði ef vextir lækka um eitt prósentustig

og öfugt. Tiltölulega langur meðaltími í ævisöfnum og samtryggingarsjóði lýsir markaðsaðstæðum og framboði skuldabréfa undanfarin ár.

MEÐALÁVÖXTUN ER VÍSBENDING UM FRAMTÍÐARÁVÖXTUN

Meðalávöxtun segir til um meðalávöxtunarkröfu skuldabréfa og er vísbending um hvaða ávöxtun söfnin geta gefið í framtíðinni ef markaðsvextir haldast óbreyttir. Meðalávöxtun í ævisöfnum og samtryggingarsjóði er nokkuð hærri en ríkissafna. Það skýrist af því að söfnin eiga einnig skuldabréf sveitarfélaga, fyrirtækja og sjóðfélagalán sem eru með hærri ávöxtunarkröfu en á ríkisskuldabréfum.

INNLEND HLUTABRÉF



ÁHÆTTUDREIFING

Myndin sýnir skiptingu á milli skráðra og óskráðra hlutabréfa í eignasafni sjóðsins en lögð er áhersla á áhættudreifingu eftir því sem mögulegt er innan okkar lokaða hagkerfis. Þetta hlutfall gæti snúist við á árinu ef Eik og Síminn verða skráð á markað.

INNLEND HLUTABRÉF

Innland hlutabréfaeign telur bæði skráð og óskráð hlutabréf. Væntingar til skráðra innlendra hlutabréfa voru bjartar í upphafi ársins en eftir dapran leik framan af ári átti innlandi markaðurinn góðan endasprett. Úrvalsvísitalan skilaði 6,5% heildarávöxtun yfir árið en vísitala Aðallista 12,4% heildarávöxtun. Ólík niðurstaða vísitalnanna skýrist fyrst og fremst af því að Össur, hástökkvari ársins, er ekki hluti af Úrvalsvísitölunni. Heildarávöxtun skráðra hlutafjáreigna Almenna var 7,3%.

ENDURNÝJADUR MARKAÐUR


Innlandi markaðurinn hefur gengið í gegnum endurnýjun lífdaga eftir uppbyggingu síðustu ára. Nú samanstendur hann af 13 félögum með traustan efnahag og heilbrigðan rekstur. Samsetning markaðarins er fjölbreyttari en áður, félögin minna skuldsett, lítil samþjöppun í eignarhaldi milli félaga, stærstu hluthafar almennt ekki meðal stjórnenda og skuldsetning hluthafa almennt lítil. Aukin áhersla er nú lögð á að færa hluthöfum þann virðisauka sem félögin skapa, bæði með beinum arðgreiðslum og með reglubundnum endurkaupum á eigin bréfum. Stór skref hafa verið stigin í að bæta stjórnarhætti og hafa lífeyrissjóðir m.a. tekið þátt í því með því að gefa út eigendastefnur. Velta með hlutabréf í Kauphöllinni hefur farið vaxandi en almenn þátttaka er fremur lítil.

FRAMBOÐ HLUTABRÉFA

Tvö ný félög voru skráð á Aðallista Kauphallarinnar á árinu; Sjóvá og HB Grandi. Eignastýring lagði áherslu á að fjárfesta í Eimskipum, Högum, Icelandair og Marel á árinu 2014. Mikið framboð var hins vegar af óskráðum hlutabréfum á árinu, bæði beinum eignarhlutum í félögum og sjóðum um sameiginlega fjárfestingu. Samtals fjárfesti Almenni fyrir 5,1 ma.kr. í hlutabréfum á árinu 2014, þar af voru 1,8 ma.kr. í skráðum félögum og 3,3 ma.kr. í óskráðum félögum.



ÁHÆTTUDREIFING Í LOKUÐU HAGKERFI



SUNDURLIÐUN EIGNA
Myndin sýnir undirliggjandi áhættu á atvinnugreinar á innlendu hlutabréfasafni Almenna lífeyrissjóðsins. Horft er í gegnum sjóði í sundurliðuninni.

AUKIÐ VÆGI

Almenni lífeyrissjóðurinn hefur aukið vægi innlendra hlutabréfa í söfnum lífeyrissjóðsins jafnt og þétt frá árinu 2012 og er það 4% til 12% fyrir blönduð söfn í nýlega samþykktu fjárfestingastefnu fyrir árið 2015. Stýring safnsins fer að mestu leyti fram í virkri stýringu hjá eignastýringu sjóðsins. Í árslok nam hlutafjáreign 12 mö.kr. eða sem samsvarar 9% af hreinni eign blandaðra safna.

ÁHÆTTUDREIFING Í LOKUÐU KERFI


Við stýringu innlendra hlutafjáreigna er lögð áhersla á áhættudreifingu innan okkar lokaða hagkerfis. Við stýringuna er horft til undirliggjandi áhættu af rekstri eða eignum hlutafjáreigna og reynt að dreifa henni á útgefendur, atvinnugreinar og markaðssvæði. Með þessu er verið að leitast við að lágmarka sértæka áhættu. Ef Eik og Síminn verða skráð á markað á árinu 2015 eykst vægi skráðra hlutafélaga í hlutafjársafninu úr 38% í 63%.

VÆNTINGAR FYRIR 2015

Horfur um rekstrarlega afkomu fyrirtækja á Íslandi fyrir árið 2015 eru jákvæðar og er útlit fyrir að eignamarkaðir muni sýna ágæta ávöxtun á árinu. Spáð er góðum hagvexti í ár sem drifinn verði áfram af einkaneyslu og fjárfestingu atvinnuveganna. Greiningaraðilar gera ráð fyrir 10-15% ávöxtun skráðra hlutabréfa yfir árið en vísitala Aðallista hækkaði um 8% í janúar.



ERLEND HLUTABRÉF




Eignir

Stærstu flokkar	%	ma.kr.
Skráð hlutabréf	85,3	33
Ríkisskuldabréf	4,5	2
Framtaksfjárfestingar	7,4	3
Laust fé	2,8	1
	100	39

HLUTFALL

ERLENDRA EIGNA Í ÁVÖXTUNARLEIÐUM

Taflan sýnir skiptingu eigna í innlendar og erlendar eignir. Dökki hlutinn eru erlendar eignir og talan fyrir neðan kökuritinn sýnir vægi þeirra.



GÓÐ ÁVÖXTUN ERLENDRA EIGNA

Erlendar eignir Almenna lífeyrissjóðsins voru tæpir 39 milljarðar í árslok 2014 og hækkuðu um 6 milljarða á árinu. Fjárfestingar skiptast í skráð hlutabréf, ríkisskuldabréf, framtaksfjárfestingar og gjaldeyrisreikninga. Góð ávöxtun var á erlenda safninu á árinu 2014 og hækkaði heimsvísitala hlutabréfa, MSCI um 15,8% á árinu, mælt í íslenskum krónum.

HLUTABRÉF STÆRSTI EIGNAFLOKKURINN

Skráð hlutabréf vega um 85% af erlendum eignum. Til að ná sem bestri áhættudreifingu notar Almenni lífeyrissjóðurinn erlenda verðbréfasjóði við fjárfestingar í hlutabréfum. Við val á sjóðum er horft til ýmissa atriða eins og árangurs, kostnaðar, aðferða, starfsmanna og stöðugleika í rekstri.

ERLEND RÍKISSKULDABRÉF DRAGA ÚR ÁHÆTTU

Í árslok 2014 vógu erlend ríkisskuldabréf rúm 4% af erlendum eignum lífeyrissjóðsins. Ríkisskuldabréf útgefin af Evrópuríkjum námu í árslok um 55% á móti skuldabréfum útgefnum af Bandaríkjunum. Skuldabréfin eru mikilvæg til að auka áhættudreifingu í eignasöfnum lífeyrissjóðsins.

FRAMTAKSSJÓÐIR JAFNA SVEIFLUR Í ÁVÖXTUN


Framtakssjóðir vega rúm 7% af erlendum eignum en fyrir ári síðan var hlutfallið um 10%. Framtakssjóðir fjárfesta m.a. í óskráðum hlutabréfum (private equity) og millilagssjóðum (mezzanine). Stefnir er að því að um 10% af erlendra hlutabréfaeign sé í framtakssjóðum. Verðmæti framtakssjóða sveiflast gjarnan með öðrum hætti en verðmæti skráðra hlutabréfa og eru sjóðirnir því mikilvægir til að jafna sveiflur og hafa jafnframt gefið góða ávöxtun undanfarin ár.

GENGISÁHÆTTA

Erlendar eignir lífeyrissjóðsins námu tæpum 39 milljörðum í árslok 2014 og býr sjóðurinn við gengisáhættu sem því nemur. Ef íslenska krónan styrkist um 10% gagnvart erlendum gjaldmiðlum undirliggjandi eignar munu erlendar eignir sjóðsins að öðru óbreyttu lækka um tæpa 4 milljarða í íslenskum krónum.



ERLEND HLUTABRÉF



Eignir

Hlutabréfasjóðir	ma.kr.
Vanguard Global Stock Index *	15,2
BlackRock Developed World	8,6
Vanguard Global Enhanced Equity	4,2
Sparinvest Global Value	2,6
Skagen Global	2,5
	33,1

* Eign í IEL slhf. meðtalin

** Brasilía, Rússland, Indland og Kína

ÁHÆTTUDREIFING

Áhersla er lögð á að dreifa áhættu í fjárfestingum á erlendum mörkuðum. Til að ná sem bestri áhættudreifingu notar lífeyrissjóðurinn erlenda verðbréfasjóði við fjárfestingar í hlutabréfum og hlutfall vísitölusjóða (index fund) er jafnframt hátt eða um 72%. Landaskipting hlutabréfa er því ekki ólík skiptingu í heimsvísitölu hlutabréfa, MSCI.

ERLEND HLUTABRÉF

Erlend hlutabréf eru keypt með milligöngu verðbréfa- og fjárfestingarsjóða.

Stefnt er að því að um 65% af erlendra hlutabréfaeign séu markaðssjóðir sem fjárfesta í sömu hlutföllum og hlutabréf vega á markaði eða í sjóðum sem líkja eftir vísitölu (enhanced index funds).

Stefnt er að því að um 25% af erlendra hlutabréfaeign séu virkir sjóðir, þ.e. sjóðir sem velja verðbréf með það að markmiði að ná hærri ávöxtun en heimsvísitala hlutabréfa.

Stefnt er að því að um 10% af erlendra hlutabréfaeign sé í svokölluðum framtakssjóðum (private equity) sem fjárfesta í óskráðum hlutafélögum.

MIKIL DREIFING, EINSTÖK FYRIRTÆKI VEGA LÍTIÐ

Mikil áhættudreifing einkennir erlenda hlutabréfasafnið og hlutfall vísitölusjóða (index fund) í safninu er hátt eða um 72%. Safnið á hlutdeild í um 1.600 fyrirtækjum í 29 löndum. Með þessum fjölda er tryggt að vægi einstakra fyrirtækja er lítið. Áhrif af gjaldproti eins fyrirtækis væru því tiltölulega lítil.

LANDASKIPTING OG ATVINNUGREINAR

Sjóðurinn stefnir á að landaskipting og atvinnugreinaskipting erlendra hlutabréfa sé sambærileg og í heimsvísitölu hlutabréfa, MSCI. Þessi hlutföll geta þó orðið eitthvað frábrugðin heimsvísitölunni vegna virkra sjóða sem velja fyrirtæki.

NÝFJÁRFESTINGAR OG GJALDEYRISHÖFT

Erlendar fjárfestingar fyrir íslenskar krónur eru ekki heimilar skv. gildandi gjaldeyrishöftum. Gera má ráð fyrir að hlutfall erlendra eigna í ávöxtunarleiðum sjóðsins lækki standi höftin óbreytt í lengri tíma, þar sem jákvætt innstreymi er í ævisöfn og samtryggingarsjóð Almenna lífeyrissjóðsins. Vonir standa til að íslensk stjórnvöld kynni á árinu 2015 áætlun sína um losun gjaldeyrishafta. Afar mikilvægt er að lífeyrissjóðir geti bætt við erlendar fjárfestingar og þannig náð sem bestri áhættudreifingu í eignasöfnum sínum.



TÍU STÆRSTU ÚTGEFENDUR SKULDABRÉFA

Útgefendur skuldabréfa	Samtr.- sjóður	Ævisafn II	Ævisafn I	Ævisafn III
Ísland - ríkisskuldabréf	36,4	28,0	18,2	32,2
Sjóðfélagalán	12,4	11,0	7,1	7,8
Reykjavík	3,5	3,0	2,0	3,3
Lánasjóður sveitarfélaga	2,6	1,7	1,1	1,2
Landsvirkjun	1,1	1,0	0,6	0,7
RARIK	1,0	0,7		0,5
Bandaríkin - ríkisskuldabréf	0,9	1,5	1,8	
Akureyri	0,9			2,3
Orkuveita Reykjavíkur	0,8			
Arion banki	0,7	0,6		2,5
Evrulönd: Fyrirtæki AAA		0,8	1,3	
Íslandsbanki		0,8	0,5	2,9
Evrulönd: Fyrirtæki AA			0,9	
Pýskaland - ríkisskuldabréf			0,5	
Reginn, veðskuldabréf				1,7
Samtals vægi	60,3	49,1	34,0	55,1
Heildarstærð í milljörðum	73,7	41,0	13,9	5,8

NÁNARI UPPLÝSINGAR

Upplýsingar um stærstu skuldara í hverri ávöxtunarleidd eru birtar mánaðarlega á heimasíðu sjóðsins. Þar er jafnframt að finna upplýsingar um alla útgefendur á síðu hverrar ávöxtunarleiddar og eru þær upplýsingar uppfærðar tvisvar sinnum á ári.

ÓLÍKT VÆGI SKULDABRÉFA

Ríkisskuldabréf og veðtryggð sjóðfélagalán vega þyngst. Samanlagt vega 10 stærstu útgefendur skuldabréfa mis þungt í söfnum sem fjárfesta bæði í skuldabréfum og hlutabréfum eða frá 34% upp í 60% af eignum.

LÁNSHÆFISMAT OG VIÐMIÐANIR

Við kaup á skuldabréfum er horft til fjárhagslegs styrkleika útgefenda. Við kaup á erlendum skuldabréfum útgefenda með opinbert lánsþæfismat skal miðað við að útgefandi hafi a.m.k. lánsþæfismat eins og fram kemur í fjárfestingarstefnu sjóðsins. Við kaup á skuldabréfum sem hafa ekki lánsþæfismat skulu sjóðstjórar yfirfara atriði sem talin eru upp í V. kafla fjárfestingarstefnunnar og meta hvort útgefendur uppfylli skilyrði um trausta eiginfjárfstöðu og góða rekstrarafkomu. Almennt er mati á útgefanda skipt upp í eðlislæga og mælanlega þætti útgefanda og útgáfunnar. Eðlislægir þættir eru t.d. atvinnugrein, lagaumhverfi og skilmálar útgáfu. Þeir mælanlegu þættir sem horft er til eru fjármagnsskipan, greiðslugeta og arðsemi.

SKILMÁLAR TIL AÐ TRYGGJA ENDURGREIÐSLU

Sjóðurinn fer fram á að óveðtryggð skuldabréf innihaldi skilmála til að tryggja endurgreiðslu bréfanna. Skilmálarnir fjalla um upplýsingaskyldu, eiginfjárfköð, breytingar á grundvallar rekstrarþáttum, breytingar á eignarhaldi, um sölu eigna, um skuldsetningu, um veðsetningu eigna, um vanskil annarra skuldbindinga, um rétt kröfuhafa, vaxtaþekju og fleira.

STÆRSTU ÚTGEFENDUR

Ríkissjóður er langstærsti útgefandi skuldabréfa í söfnum sem fjárfesta bæði í skuldabréfum og hlutabréfum og vegur frá 18% upp í rúm 36% af eignum. Sjóðfélagalán eru í öðru sæti en á bak við þau eru tæplega 1.400 greiðendur. Ef sjóðfélagalán eru talin sem einn útgefandi eru samtals um 141 útgefendur í skuldabréfasöfnum. Vægi útgefenda er nokkuð breytilegt milli safna en það ræðst m.a. af

markmiði um sparnaðartíma og vægi erlendra verðbréfa. Í Ævisafni III er um 27% eigna ávaxtað á innlánsreikningum í árslok 2014 hjá Íslandsbanka (15%), Arion banka (6%) og Landsbanka (6%).

ÖNNUR SÖFN

Eins og nöfn safnanna gefa til kynna er ríkissjóður eini útgefandinn í ríkissöfnunum en söfnin hafa þó heimild til að hafa hluta eigna í innlánnum. Innlánsafnið ávaxtar eignir sínar á innlánsreikningum í árslok 2014 hjá Íslandsbanka (36%), Arion banka (30%), Landsbanka (24%) og MP banka (10%). Innlán eru forgangskrafa við slit fjármálafyrirtækis, samkvæmt neyðarlögum vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði. Inneignir sjóðfélaga í Innlánsafninu falla undir ákvæði laga nr. 98/1999 um innstæðutryggingar.



TÍU STÆRSTU ÚTGEFENDUR HLUTABRÉFA

Útgefendur hlutabréfa	Samtr.- sjóður	Ævisafn II	Ævisafn I	Ævisafn III
🇮🇸 EIK fasteignafélag hf.	1,1	1,3	1,6	0,5
🇮🇸 Skipti hf.	0,7	0,5		0,3
🇮🇸 Framtakssjóður Íslands slhf.	0,6	0,7	0,8	0,3
🇮🇸 N1 hf.	0,6	0,7	0,8	0,3
🇮🇸 Icelandair Group hf.	0,5	0,6	0,7	0,2
🇮🇸 HB Grandi hf.	0,5	0,6	0,7	0,2
🇮🇸 Jarðvarmi slhf. (HS Orka)	0,5	0,6	0,7	0,2
🇮🇸 Hlutabréfasjóðurinn	0,4	0,5	0,6	0,2
🇮🇸 SF V slhf. (Festi hf.)	0,4	0,4	0,5	0,2
🇮🇸 FAST-1 slhf. (Fasteignafélag)	0,3			0,1
🌐 Microsoft Corp		0,5	0,7	
🌐 Apple Inc			0,6	
Samtals vægi	5,7	6,3	7,7	2,6
Heildarstærð í milljörðum	73,7	41,0	13,9	5,8

VAXANDI

HLUTABRÉFASAFN

Einstakir útgefendur vega lítið. Tíu stærstu útgefendur hlutabréfa vega mest 7,7% í Ævisafni I en minnst er vægi þeirra 2,6% í Ævisafni III.

NÁNARI UPPLÝSINGAR

Upplýsingar um stærstu skuldara í hverri ávöxtunleið eru birtar mánaðarlega á heimasíðu sjóðsins. Þar er jafnframt að finna upplýsingar um alla útgefendur á síðu hverrar ávöxtunleiðar og eru þær upplýsingar uppfærðar tvisvar sinnum á ári.

HLUTABRÉF

Sagan segir að hlutabréf skili hæstu ávöxtuninni á löngum tíma og að ávöxtun þeirra sveiflist mest. Hlutabréf eru aftast í kröfuröðinni og því er tapsáhætta þeirra einnig mest. Þess vegna skiptir áhættudreifing öllu máli þegar fjárfest er í hlutabréfum. Þar sem innlendur hlutabréfamarkaður er tiltölulega lítil með fáum útgefendum vega erlend hlutabréf þyngra en innlend í fjárfestingarstefnu sjóðsins. Samkvæmt fjárfestingarstefnunni er stefnt að því að erlend hlutabréf ásamt framtakssjóðum vegi 16% til 58% og innlend hlutabréf ásamt framtakssjóðum 4% til 12% af eignum verðbréfasafna sem fjárfesta bæði í skuldabréfum og hlutabréfum.

ERLEND HLUTABRÉF

Erlend hlutabréf eru keypt með milligöngu verðbréfa- og

fjárfestingarsjóða. Stefnt er að því að 65% af erlendri hlutabréfaeign séu markaðssjóðir sem fjárfesta í sömu hlutföllum og heimsvísitala hlutabréfa en þannig næst hámarks eigna- og áhættudreifing. Stefnt er að því að u.þ.b. 25% af erlendum hlutabréfasjóðum séu virkir sjóðir, þ.e. sjóðir sem velja hlutabréf með það að markmiði að ná hærri ávöxtun en heimsvísitala hlutabréfa. Til að draga úr áhættu er reynt að velja virka sjóði með lága eða neikvæða fylgni við heimsvísitöluna. Stefnt er að því að 10% af erlendri hlutabréfaeign séu í framtakssjóðum sem fjárfesta í óskráðum hlutafélögum.

INNLEND HLUTABRÉF

Uppbygging innlenda hlutabréfasafnsins fer að meirihluta fram með fjárfestingum í skráðum hlutafélögum og framtakssjóðum. Stefnt er að því að byggja upp safn


fyrirtækja sem hafa sterkan tekjugrunn, traustan efnahag og geta skilað góðri ávöxtun til framtíðar. Hlutabréfasafni er stýrt með virkri stýringu og beita sjóðstjórar faglega viðurkenndum aðferðum við verðmat og áhættugreiningu.

STÆRSTU ÚTGEFENDUR

Í byrjun ársins 2015 voru um 1.600 útgefendur í hlutabréfasafni sjóðsins. Vegna fjölda útgefenda er vægi einstakra útgefenda tiltölulega lítið og því vega 10 stærstu útgefendur hlutabréfa mun minna en vægi stærstu útgefenda skuldabréfa. Stærstu innlendu útgefendur hlutabréfa í eigu sjóðsins eru Eik fasteignafélag, Framtakssjóður Íslands og Skipti. Stærstu erlendu útgefendurnir eru bandarísku tæknisarnir Microsoft Corp og Apple Inc.



TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA



TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA BATNAR

Hagstæð ávöxtun á árinu 2014 skilaði sér í betri tryggingafræðilegri stöðu. Áunnin staða batnaði um 2,9 prósentustig og heildarstaða um 1,6 prósentustig.

TRYGGINGAFRÆÐILEG ÚTTEKT

Við mat á fjárhagsstöðu samtryggingarsjóða eru eignir bornar saman við skuldbindingar. Tryggingafræðileg staða skiptist í þrjá hluta.

- Áunnin staða. Núverandi eignir eru bornar saman við skuldbindingar vegna réttinda sem sjóðfélagar eru búnir að ávinna sér með greiðslum í sjóðinn.
- Framtíðarstaða. Núvirði iðgjalda virkra sjóðfélaga til 67 ára aldurs er borið saman við réttindi sem framtíðariðgjöld mynda.
- Heildarstaða. Heildarskuldbindingar eru samtala áunninna skuldbindinga og framtíðarskuldbindinga. Heildareignir eru samtala núverandi eigna og núvirði framtíðariðgjalda.

STAÐAN Í ÁRSLOK 2014

Tryggingafræðileg staða samtryggingarsjóðsins miðað við 31. desember 2014.

- Áfallnar skuldbindingar voru 1,7% hærri en eignir sjóðsins.
 - Núvirði framtíðariðgjalda var 0,8% hærri en áætlaðar framtíðarskuldbindingar.
 - Heildarskuldbindingar voru 0,7% umfram heildareignir.
- Tryggingafræðileg staða Almenna lífeyrissjóðsins er innan skilgreindra marka í lögum og samkvæmt stefnu stjórnar sjóðsins. Til lengri tíma er æskilegt að eignir séu meiri en áunnar skuldbindingar og að heildarstaða sé einnig jákvæð.

BREYTINGAR 2014


Tryggingafræðileg staða batnaði á árinu. Helstu skýringar á breytingum milli ára eru þessar.

Í tryggingafræðilegri úttekt hækkuðu eignir um 5,5% umfram verðbólgu sem er tveimur prósentustigum yfir 3,5% ávöxtunarviðmiði sem er notað til að reikna réttindi og skuldbindingar.

Lífeyrisréttindi og lífeyrisgreiðslur eru verðtryggðar og hækka skuldbindingar í takt við hækkun á vísitölu neysluverðs. Árið 2014 hækkaði vísitalan um 1,0%.

Á árinu lækkuðu skuldbindingar um 0,3% vegna frávika frá forsendum um kostnað, lífaldur og lífeyrisgreiðslur.

ÞRÓUN LÍFEYRIS, GÓÐ LÍFEYRISRÉTTINDI



Hækkun lífeyris, vaxta og launa 1998–2014

LÍFEYRIR HEFUR HÆKKAÐ UMFRAM VERÐLAG

Frá því að lífeyrissjóðalögin tóku gildi árið 1998 hafa lífeyrisréttindi sjóðfélaga í Almenna lífeyrissjóðnum og forverum hans hækkað umfram verðlag á síðustu árum. Lífeyrisréttindi hækkuðu um 169% að meðaltali á tímabilinu 1998–2014. Á sama tíma hækkaði launavísitala um 195% og vísitala neysluverðs um 132%. Á sama tímabili hækkaði vísitala 10 stærstu lífeyrissjóða án ábyrgðar launagreiðenda um 122%.

SAMANBURÐUR

Réttindi í Almenna standast vel samanburð við hefðbundna lífeyrissjóði þar sem allt lágmarksiðgjaldið fer í samtryggingu, sjá samanburð fyrir neðan.

Lágmarksiðgjald 12% af launum	Almenni	Hefðbundinn lífeyrissjóður
Starfsævi 27–66 ára, föst laun 450 þús.kr.		
Lágmarksiðgjald (% af launum)	12%	12%
þ.a. í samtryggingarsjóð	8%	12%
þ.a. í séreignarsjóð	4%	
Eftirlaun frá 67 ára		
Inneign í séreignarsjóði	18.554.007	0
Mánaðargreiðslur í 10 ár	182.996	0
Samtryggingarsjóður		
Taka lífeyris hefst	70 ára	67 ára
Ævilangur ellilífeyrir á mánuði	248.098	264.357
Hlutfall af launum	55%	59%
Örorka 45 ára		
Örorkulífeyrir á mánuði	240.769	256.251
Örorkulífeyrir greiddur til	70 ára	67 ára
Séreign, laus á 7 árum	5.376.297	0
Barnalífeyrir á mánuði	32.687	16.344
Barnalífeyrir greiddur með börnum til	20 ára	18 ár
Fráfall 45 ára		
Makalífeyrir	120.385	128.126
Makalífeyrir greiddur að lágmarki	2,5 ár	3 ár
Makalífeyrir greiddur með yngsta barni til	20 ára	18 ára
Séreign sem erfist	5.376.297	0
Barnalífeyrir á mánuði	32.687	16.344
Barnalífeyrir (barn á ekki foreldri/kjörforeldri á lífi)	65.374	16.344
Barnalífeyrir greiddur með börnum til	20 ára	20 ára

Taflan sýnir samanburð hjá sjóðfélaga sem greiðir annars vegar í Almenna lífeyrissjóðinn og hins vegar í hefðbundinn samtryggingarsjóð. Í báðum sjóðum er reiknað með 3,5% raunávöxtun á ári.


Eftirlaun í Almenna greiðast bæði úr samtryggingar- og séreignarsjóði. Sjóðfélagar hafa svigrúm til að ákveða töku lífeyris. Margir velja til dæmis að taka inneign í séreignarsjóði út á 10 til 15 árum og fá þannig hærri lífeyri á fyrri hluta eftirlaunaáranna.

Við örorku er inneign í séreignarsjóði laus til útborgunar á sjö árum og bætist við örorkulífeyri úr samtryggingarsjóði. Barnalífeyrir til örorkulífeyrisþega í Almenna lífeyrissjóðnum er tvöfalt hærri en lögbundið lágmark.

Við fráfall erfist inneign í séreignarsjóði og bætist við hefðbundinn makalífeyri úr samtryggingarsjóði. Barnalífeyrir til barna látins sjóðfélaga í Almenna lífeyrissjóðnum er tvöfalt hærri en lögbundið lágmark og fjórfalt hærri ef barn á ekki foreldri eða kjörforeldri á lífi.



REKSTRARKOSTNAÐUR



KOSTNAÐUR SÍÐAST-LIÐIN TVÖ ÁR OG ÁÆTLUN 2015

Rekstrarkostnaður hefur hækkað í takt við verðlag, vaxandi umsvif og auknar kröfur um áhættustýringu og eftirlit.

STEFNT AÐ LÁGMARKS KOSTNAÐI

Markmið Almenna lífeyrissjóðsins er að halda kostnaði í lágmarki þannig að sem mest af ávöxtun sjóðsins skili sér til sjóðfélaga. Þessu er fylgt eftir með því að gæta hófs í rekstri og reyna að lágmarka fjárfestingarkostnað við ávöxtun eigna sjóðsins eins og hægt er.

KOSTNAÐUR Í TAKT VIÐ ÁÆTLUN 2014

Rekstraráætlun fyrir árið 2014 gerði ráð fyrir heildarkostnaði að fjárhæð 448 m.kr. Raunverulegur rekstrarkostnaður varð 455 m.kr. sem er 2% umfram áætlun. Í rekstraráætlun var ekki reiknað með fjárfestingargjöldum sem voru 8,3 milljónir.

STÆRSTU KOSTNAÐARLIÐIRNIR


Starfsmannakostnaður vegur þyngst í rekstrarkostnaði sjóðsins en starfsfólk sjóðsins telur 21 í 20 stöðugildum. Sjá nánar um starfsfólk og skipulag á bls. 8.

Upplýsingatækni er annar stærsti kostnaðarliðurinn en sjóðurinn notar sérstök upplýsingakerfi fyrir eignir, réttindi sjóðfélaga og bókhald. Þá heldur sjóðurinn úti heimasíðu og býður sjóðfélögum aðgang að læstu vefsvæði með upplýsingum um inneign og réttindi. Launagreiðendum býðst aðgangur að læstu vefsvæði með upplýsingum um iðgjaldagreiðslur.

ÁÆTLUN 2015

Stjórn sjóðsins samþykkti á stjórnarfundum í desember rekstraráætlun fyrir árið 2015. Samkvæmt henni er rekstrarkostnaður sjóðsins áætlaður um 494 milljónir eða um 0,3% af áætluðum meðaleignum ársins. Samkvæmt áætluninni hækkar heildarkostnaður um tæp 9% milli ára.

LÁN TIL SJÓDFÉLAGA



ÚTLÁN AUKAST

Myndin sýnir þróun nýrra sjóðfélagalána frá árinu 2010 til og með árinu 2014. Lánveitingar jukust annað árið í röð.

LÁNVEITINGAR ÁRIÐ 2014

Árið 2014 jukust lánveitingar til sjóðfélaga. Á árinu voru veitt 76 lán fyrir samtals 1.039 milljónir en árið 2013 voru afgreidd 82 lán fyrir 927 milljónir. Meðalfjárhæð nýrra lána til sjóðfélaga var 13,7 milljónir á árinu 2014. Í lok ársins var heildarfjárhæð útistandandi sjóðfélagalána 13.894 milljónir.

GÓÐ LÁNSKJÖR

Á árinu 2013 voru gerðar talsverðar breytingar á útlánafyrirkomulagi sjóðsins með það að markmiði að fjölga lánamöguleikum fyrir sjóðfélaga og bjóða samkeppnishæf kjör. Þá hóf sjóðurinn að bjóða sjóðfélögum óverðtryggð lán auk þess sem önnur lánakjör og lánareglur voru endurskoðaðar. Hámarkslán er 50 milljónir en skilyrði fyrir þeirri fjárhæð er að lánið sé á fyrsta veðrétti og veðhlutfall ekki hærra en 75% af markaðsverði. Ef ekki er

um fyrsta veðrétt að ræða er hámarkslán 35 milljónir og hámarksveðhlutfall 65%.

FASTEIGNATRYGGÐ LÁN TIL LANGS TÍMA

Sjóðfélögum standa til boða hagstæð lán gegn fasteignaveði. Sjóðfélagar geta valið á milli óverðtryggðra lána og verðtryggðra eða tekið blöndu af þessu tvennu. Óverðtryggðir vextir eru fastir til 12 mánaða í senn. Vextir verðtryggðra lána með breytilegum vöxtum taka mið af meðalávöxtun á skuldabréfaflokki Íbúðarlánasjóðs HFF150434 í viðskiptakerfi Kauphallar Íslands í þarsíðasta mánuði að viðbættu 0,75% álagi. Vextirnir gilda frá 15. hvers mánaðar í einn mánuð í senn.



MINNI VANSKIL

Vanskil hafa minnkað á undanförunum árum og í lok

ársins voru ógreiddir gjalddagar 30 daga og eldri 0,6% af heildarfjárhæð útistandandi lána. Til viðbótar við hefðbundin úrræði (skilmálabreyting og frysting) fyrir sjóðfélaga í greiðsluferfiðleikum hefur sjóðurinn verið aðili að opinberum úrræðum fyrir lántakendur. Þessi úrræði eru greiðslujöfnun, 110% niðurfærsla, greiðsluadlögun og sértæk skuldaadlögun.



LÍFEYRISGREIÐSLUR



LÍFEYRISGREIÐSLUR HÆKKA

Súluritin sýna lífeyrisgreiðslur úr samtryggingarsjóði annars vegar og úttekt úr séreignarsjóði hins vegar. Greiðslur úr séreignarsjóði jukust um 44% á milli ára og ellilífeyrisgreiðslur úr samtryggingarsjóði jukust um 9%.

LÍFEYRISGREIÐSLUR HÆKKA MILLI ÁRA

Árið 2014 greiddi Almenni lífeyrissjóðurinn samtals 4,7 milljarða í lífeyri og skiptust greiðslurnar þannig að 3,5 milljarðar voru greiddir úr séreignarsjóði en 1,2 milljarður úr samtryggingarsjóði. Samtals fengu 2.572 lífeyrisgreiðslur úr séreignarsjóði árið 2014, þ.a. fengu 1.681 aukagreiðslur og 1.276 nýttu heimild til að ráðstafa séreignarsparnaði inn á lán. Lífeyrisþegar úr samtryggingarsjóði voru samtals 1.145 og skiptust þannig að 706 fengu ellilífeyri, 157 örorkulífeyri, 140 makalífeyri, 56 barnalífeyri og 90 eingreiðslulífeyri.

AUKAGREIÐSLUR SKÝRA HÆKKUN

Lífeyrisgreiðslur jukust um 32% milli ára eða samtals um 1.141 milljón. Aukagreiðslur úr séreignarsjóði samkvæmt tímabundinni opnun skýrir aukninguna að mestu leyti. Árið 2013 var greiddur 1,2 milljarður í aukagreiðslur úr séreignarsjóði en árið 2014 hækkuðu aukagreiðslurnar í 1,5 milljarð. Sjóðurinn greiddi 430 milljónir af séreign inn á lán sjóðfélaga í desember. Lífeyrisgreiðslur úr samtryggingarsjóði hækkuðu milli ára um 77 milljónir eða 7%.

HEIMILD TIL AÐ SÆKJA UM AUKAGREIÐSLUR FALLIN NIÐUR

Í árslok 2014 rann út heimild til að sækja um útgreiðslu á viðbótarlífeyrissparnaði. Þá hafði Almenni

lífeyrissjóðurinn greitt 11,3 milljarða til 9.229 sjóðfélaga vegna tímabundinnar opunar séreignarsparnaðar. Til samanburðar má geta þess að samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu höfðu rúmlega 68 þúsund einstaklingar tekið út samtals 103,8 milljarða þann 31. desember 2014.


HEIMILD TIL AÐ GREIÐA VIÐBÓTARLÍFEYRISSPARNADINN Á LÁN

Á árinu 2014 samþykktu stjórnvöld að heimila einstaklingum að greiða viðbótarlífeyrissparnað skattfrjálst inn á fasteignalán á tímabilinu 1. júlí 2014 til 30. júní 2017. Fjöldi sjóðfélaga hjá Almenna lífeyrissjóðnum hefur nýtt sér þetta úrræði en búið er að greiða 430 milljónir inn á lán fyrir 2.268 sjóðfélaga vegna 2014. Búið er að samþykkja umsóknir frá 2.708 sjóðfélögum um ráðstöfun á viðbótarlífeyrissparnaði inn á lán.





ÁRSREIKNINGUR ALMENNA LÍFEYRISSJÓÐSINS 2014



SKÝRSLA STJÓRNAR

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Sjóðurinn metur öll markaðsverðbréf á markaðsverði en veðskuldabréf eru metin á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum að frádreginni virðisrýmun. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

EIGNIR OG FJÖLDI SJÓDFÉLAGA

Í árslok 2014 námu heildareignir Almenna lífeyrissjóðsins 156,5 milljörðum króna og stækkaði sjóðurinn um 14,0 milljarða eða um 9,8% á árinu. Sjóðfélagar í árslok voru 39.953. Eignir séreignarsjóðs voru 82,8 milljarðar og samtryggingarsjóðs 73,7 milljarðar.

IÐGJÖLD

Greidd iðgjöld til sjóðsins árið 2014 voru samtals 8,5 milljarðar sem er 8% hækkun frá árinu áður. Iðgjöldin skiptust þannig að lágmarksíðgjöld voru 5,8 milljarðar og viðbótariðgjöld 2,7 milljarðar. Á árinu greiddu 6.321 sjóðfélagi að meðaltali til samtryggingarsjóðs á móti 6.217 árið áður sem er 1,7% fjölgun milli ára. Iðgjöld í samtryggingarsjóð námu alls 3,7 milljörðum sem er 5,1% hækkun milli ára. Á árinu greiddu 6.169 sjóðfélagar að meðaltali viðbótarspamað til séreignarsjóðs á móti 6.234 árið áður sem er 1% fækkun milli ára. Iðgjöld í séreignarsjóð voru 4,7 milljarður sem er 11,4% hækkun frá árinu áður.

LÍFEYRIR

Lífeyrisgreiðslur samtryggingarsjóðs voru alls 1,2 milljarðar árið 2014 sem er 7% hækkun frá árinu áður. Heildarfjöldi lífeyrisþega var 1.145.

Lífeyrisgreiðslur séreignarsjóðs námu alls 3,5 milljörðum sem er 43,9% hækkun frá árinu áður. Heildarfjöldi þeirra sem tóku út séreignarspamað á árinu samkvæmt tímabundinni opnun var 1.681. Heimild til að sækja um útborgun séreignarsjóðs vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði féll niður þann 1. janúar 2015.

SJÓDFÉLAGALÁN

Sjóðurinn lánaði sjóðfélögum 1.039 milljónir með veði í fasteignum en árið 2013 voru veitt lán fyrir 927 milljónir.

Vegna úrræða fyrir skuldsett heimili sem samþykkt voru af hálfu fjármálafyrirtækja, lífeyrissjóða og ríkisstjórnar Íslands voru afskrifaðar 252 milljónir á árinu 2014. Sjóðurinn hefur lagt til hliðar 521 milljón til að mæta framtíðarafskriftum vegna fyrrnefndra úrræða og áhrifa efnahagshruns.

VERÐBRÉFAEIGN

Lífeyrissjóðurinn fjárfesti í verðbréfum fyrir 14,2 milljarða á árinu 2014 og eru upplýsingar um eignasamsetningu ávöxtunarleiða í ársreikningnum. Nafnávöxtun sjóðsins á árinu var 1,0% til 9,8% og raunávöxtun 0% til 8,7%.

TRYGGINGAFRÆÐILEG ÚTTEKT

Tryggingafræðileg úttekt í lok árs sýnir að heildareignir samtryggingarsjóðs eru 120 milljarðar sem samanstendur af núvirtum eignum og framtíðariðgjöldum. Heildarskuldbinding samtryggingarsjóðsins er 121 milljarður og er því skuldbinding umfram eignir 0,8 milljarðar. Niðurstaða úttektarinnar er að áfallnar skuldbindingar eru 1,7% umfram eignir en þegar lítið er til framtíðarskuldbindinga vegna framtíðariðgjalda eru heildarskuldbindingar 0,7% umfram heildareignir.

LAUN OG FJÖLDI STÖÐUGILDA

Laun og launatengd gjöld starfsmanna, stjórnar og endurskoðunarnefndar námu 239 milljónum á árinu. Stöðugildi voru 20 í lok árs.

ÖNNUR MIKILVÆG ATRIÐI

Á árinu sömdu lífeyrissjóðir, sem keyptu vikjandi skuldabréf útgefið af Glitni hf. í mars 2008, við slitastjórn bankans um sátt í málaferlum. Samkomulagið felst í að hluti af virði skuldabréfsins er viðurkennt sem almenn krafa og að fullu tæk til skuldajöfnunar.

Stjórn sjóðsins fékk fyrirtækjaráðgjöf PwC til að framkvæma úttekt á stjórnarháttum stjórnar. Úttektin felst í að skoða stjórnarhætti sem settir hafa verið fram um bestu framkvæmd stjórnarstarfa sem PwC global gaf út í „Board Effectiveness 2012.“ Til þess að samræmast íslenskum venjum er einnig horft til stjórnarháttar fyrirtækja sem gefin voru út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq OMX Íslandi. Í skýrslu PwC eru margar góðar ábendingar sem stjórnin mun yfirfara með það að markmiði að bæta stjórnarstarfið.



STAÐFESTING ÁRSREIKNINGSINS

Stjórn og framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins staðfesta ársreikning sjóðsins fyrir árið 2014 með undirritun sinni.

Reykjavík, 25. febrúar 2015

Stjórn:

Oddur Ingimarsson
Hrönn Sveinsdóttir
Ólafur Jónsson
Þurgr. Guð.
Astríður Jóhannsdóttir
Sigr. Sigr.

Framkvæmdastjóri:

Guðmundur Skelvarsson

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til stjórnar og sjóðfélaga Almenna lífeyrissjóðsins.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Almenna lífeyrissjóðsins fyrir árið 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar.

ÁBYRGÐ STJÓRNENDA Á ÁRSREIKNINGNUM

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

ÁBYRGÐ ENDURSKOÐANDA

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sjóðsins sem varðar gerð

og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

ÁLIT

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2014, efnahag hans 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014, í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

STAÐFESTING VEGNA SKÝRSLU STJÓRNAR

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við að skýrsla stjórnar inniheldur að lágmarki þær upplýsingar sem hún ber að innihalda í samræmi við lög og reglur sem gilda um ársreikninga lífeyrissjóða.

Reykjavík, 25. febrúar 2015

Grant Thornton endurskoðun ehf.



Davíð Arnar Einarsson
löggiltur endurskoðandi



Sturla Jónsson
löggiltur endurskoðandi



YFIRLIT UM BREYTINGAR Á HREINNI EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS ÁRIÐ 2014

Fjárhæðir í þúsundum króna	Skýr.	2014	2013
Löggjöld:			
Löggjöld sjóðfélaga		2.994.025	2.617.240
Löggjöld launagreiðenda		5.537.964	5.283.915
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(141.685)	(170.232)
		8.390.304	7.730.923
Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði		35.455	31.684
	7,21	8.425.759	7.762.607
Lífeyrir:			
Lífeyrir		4.695.729	3.554.647
Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris		55.817	47.997
	10,22	4.751.545	3.602.644
Fjárfestingartekjur:			
Tekjur af eignarhlutum	8	1.113.178	1.002.713
Vaxtatekjur og gengismunur	9,23	8.383.819	8.165.378
Niðurfærsla verðbréfa		1.315.807	563.525
		10.812.804	9.731.615
Fjárfestingargjöld:			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	11,24-26	187.398	166.874
Vaxtagjöld		141	319
		187.539	167.193
Rekstrarkostnaður:			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	11,24-26	281.096	250.311
Hækkun á hreinni eign		14.018.383	13.474.075
Hrein eign frá fyrra ári		142.468.760	128.994.685
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	38	156.487.143	142.468.760

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2014

Fjárhæðir í þúsundum króna	Skýr.	2014	2013
Fjárfestingar:			
Verðbréf með breytilegum tekjum	27	65.117.299	54.942.720
Verðbréf með föstum tekjum	18,31	49.943.499	48.167.686
Veðskuldabréf	18,32	14.100.320	14.869.348
Bundnar bankainnstæður		20.734.785	20.532.391
Aðrar fjárfestingar		104.947	274.999
	12,33	150.000.849	138.787.143
Kröfur:			
Kröfur á launagreiðendur		420.000	400.000
Ýmsar kröfur	34	485.221	20.584
		905.221	420.584
Aðrar eignir:			
Rekstrarfjármunir	35	0	383
Sjóður og veltiinnlán		6.460.893	6.141.381
		6.460.893	6.141.764
Eignir samtals		157.366.963	145.349.492
Skuldir:			
Ýmsar skuldir	19,36	879.820	2.880.732
Hrein eign til greiðslu lífeyris		156.487.143	142.468.760
Greining á hreinni eign deilda:			
Séreignarsjóður	39	82.772.311	76.132.760
Samtryggingarsjóður	46	73.714.831	66.336.001
Hrein eign til greiðslu lífeyris	37	156.487.143	142.468.760

SJÓÐSTREYMISYFIRLIT ÁRIÐ 2014

Fjárhæðir í þúsundum króna	Skýr.	2014	2013
Inngreiðslur:			
lðgjöld		8.437.310	7.774.018
Fjárfestingartekjur		4.161.704	3.865.416
Afborganir verðbréfa		2.572.947	1.894.321
Seld verðbréf með breytilegum tekjum		4.025.897	4.694.701
Seld verðbréf með föstum tekjum		1.411.665	867.400
Bundnar bankainnstæður		500.000	1.500.000
Aðrar inngreiðslur		293.915	60.617
		21.403.438	20.656.473
Útgreiðslur:			
Lífeyrir		4.520.074	3.602.644
Fjárfestingargjöld		25.629	200.376
Rekstrarkostnaður		446.419	397.498
Aðrar útgreiðslur		827.617	923.203
		5.819.738	5.123.720
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og öðrum fjárfestingum		15.583.699	15.532.753
Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting:			
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum		8.856.041	5.552.140
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum		5.350.177	9.144.059
Ný veðlán		1.057.970	927.394
Bundnar bankainnstæður		0	1.060.000
		15.264.188	16.683.593
Hækkun (lækkun) á sjóði og veltiinnlánnum		319.512	(1.150.841)
Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun		6.141.381	7.292.222
Sjóður og veltiinnlán í árslok		6.460.893	6.141.381

REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR

1. UPPLÝSINGAR UM LÍFEYRISSJÓÐINN

Almenni lífeyrissjóðurinn er með aðsetur í Borgartúni 25, Reykjavík. Sjóðurinn er öllum opin, en er jafnframt starfsgreinasjóður arkitekta, leiðsögumanna, lækna, hljómlistarmanna og tæknifræðinga.

2. GRUNDVÖLLUR REIKNINGSSKILANNA

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglur Fjármálaeftirlitsins um ársreikninga lífeyrissjóða. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum nema annað sé tekið fram.

Sjóðurinn skiptist í tvo sjóði, samtryggingarsjóð og séreignarsjóð. Eignir samtryggingarsjóðs eru ávaxtaðar í einu verðbréfasafni en séreignarsjóður skiptist í sex ávöxtunarleiðir með mismunandi fjárfestingarstefnum. Í skýringum 39–45 er að finna yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, sjóðstreymi og kennitölur og fleira er varðar eignasöfn séreignarsjóðs. Í skýringum 46–52 er að finna sambærilegar upplýsingar um samtryggingarsjóð.

3. UM EIGNAMAT

Almenni lífeyrissjóðurinn metur markaðsskuldabréf á áætluðu markaðsverði en í reglum lífeyrissjóða er gert ráð fyrir að þau séu metin miðað við ávöxtunarkröfu við kaup. Ástæðan er sú að meirihluti eigna sjóðsins er í séreignarsjóði þar sem sjóðfélagar geta samkvæmt beiðni skipt um ávöxtunarleiðir hvenær sem er. Eignir séreignarsjóðs verður að meta á markaðsverði til að tryggja að iðgjöld og innborganir sem greiðast inn í sjóðinn og lífeyrisgreiðslur sem greiðast úr sjóðnum séu metin á réttu virði þegar hreyfingar fara fram.

Sjóðurinn metur skuldabréf samtryggingarsjóðs einnig á markaðsverði til að hafa samræmt eignamat í sjóðnum.

Áætlað virði verðbréfa með föstum tekjum þann 31.12.2014 var 47.650 milljónir ef markaðsskuldabréf sjóðsins eru metin m.v. ávöxtunarkröfu við kaup. Að öðru leyti er vísað í skýringu 31 um greiningu á verðbréfum með föstum tekjum.

Áætlað virði óskráðra innlendra hlutabréfa þann 31.12.2014 var 7.298 milljónir ef óskráð hlutabréf eru metin á kaupverði. Að öðru leyti er vísað í skýringu 27 um greiningu á verðbréfum með breytilegum tekjum.

4. MAT OG ÁKVARÐANIR VIÐ BEITINGU REIKNINGSSKILAAÐFERÐA

Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur eru endurskoðaðar reglulega og eru áhrifin af breytingum færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í skýringum 18–19.

5. MIKILVÆGAR REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum.

6. ERLENDIR GJALDMIÐLAR

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok. Rekstrartekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

7. IÐGJÖLD

Iðgjöld eru tekjufærð eftir skilagreinum sem borist hafa sjóðnum. Áætlað er fyrir ógreiddum iðgjöldum samtryggingarsjóðs í árslok m.v. fyrri reynslu og eru þau eignfærð sem kröfur á launagreiðendur í efnahagsreikningi. Iðgjöld í séreignarsjóð eru bókuð miðað við greiðsludag eða þegar inneign myndast. Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði er hluti af tryggingagjaldi vegna launa og rennur til lækkunar og jöfnunar á örorkubyrði milli lífeyrissjóða.

8. TEKJUR AF EIGNARHLUTUM

Undir tekjur af eignarhlutum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og óinnleystur gengismunur af hlutabréfum, bæði vegna breytinga á gengi bréfanna og gengi erlendra gjaldmiðla.

9. VAXTATEKJUR OG GENGISMUNUR

Undir vaxtatekjur og gengismun falla vaxtatekjur af verðbréfum með föstum tekjum, veðlánnum, bundnum bankainnstæðum, auk vaxtatekna af iðgjöldum og veltiinnlánnum. Þá fellur undir þennan lið gengismunur af verðbréfum með föstum tekjum í erlendum gjaldmiðlum og breytingar á verði innlendra og erlendra hlutdeildarskírteina og breyting á markaðsverði afleiðusamninga.

10. LÍFEYRIR

Undir lífeyri falla lífeyrisgreiðslur sjóðsins, það er ellilífeyrir, makalífeyrir, örorkulífeyrir og barnalífeyrir. Undir þennan lið fellur einnig sérstakt gjald til Virk, starfsendurhæfingarsjóðs, og annar beinn kostnaður við örorkumat.

11. REKSTRARKOSTNAÐUR

Rekstrarkostnaði sjóðsins er skipt á fjárfestingargjöld og rekstrarkostnað eftir því hvort um er að ræða kostnað við eignaumsýslu eða annan rekstur sjóðsins. Umsjónarlaun

innlendra og erlendra sjóða, sem lífeyrissjóðurinn fjárfestir í, eru ekki talin með sem kostnaður lífeyrissjóðsins en umsjónarlaunin dragast frá ávöxtun viðkomandi sjóðs. Vegin umsjónarlaun allra sjóða (verðbréfa-, fjárfestinga- og framtakssjóða) eru um 0,34% af fjárfestingum í sjóðunum og voru alls um kr. 189 milljónir á árinu 2014. Almenni lífeyrissjóðurinn leggur mikla áherslu á að kostnaður við fjárfestingar sé lágur þannig að sem mest af ávöxtun skili sér til sjóðfélaga. Hátt hlutfall fjárfestinga í erlendum hlutabréfasjóðum er t.d. í vísitölusjóðum þar sem kostnaður er lágur.

12. VERÐBRÉFAEIGN

Verðbréfum í eigu sjóðsins er skipt í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum og veðlán. Til verðbréfa með breytilegum tekjum teljast hlutabréf, hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða og aðrir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu. Til verðbréfa með föstum tekjum teljast skuldabréf og önnur verðbréf með föstum vöxtum eða með tiltekna vaxtaviðmiðun. Til veðlána teljast skuldabréfalán með veði í fasteignum og lausafé. Skráð verðbréf eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en óskráð bréf á áættuðum markaðsverði. Veðskuldabréf eru eignfærð miðað við ávöxtunarkröfu við kaup. Gjaldmiðlagengi erlendra eigna er skráð kaupgengi Seðlabanka Íslands þann 31.12.2014. Skipting erlendra eigna á helstu gjaldmiðla er sem hér segir í árslok 2014.

31.12.2014	ÆI	ÆII	ÆIII	TD
Bandaríkjadólar	51%	51%	50%	51%
Japanskt jen	8%	8%	9%	8%
Sterlingspund	7%	7%	7%	7%
Svissneskur franki	3%	3%	3%	3%
Evra	17%	17%	18%	18%
Aðrar myntir	14%	14%	13%	13%

ÁHÆTTUSTÝRING

13. GREINING ÁHÆTTUPÁTTA OG ÁHÆTTUSTÝRING

Í daglegri starfsemi lífeyrissjóðsins eru margir þættir sem geta haft áhrif á rekstur hans og afkomu. Það er stefna stjórnar sjóðsins að fylgst skuli með og reynt að draga úr áhættu sem getur haft neikvæð áhrif á afkomu og hreina eign til greiðslu lífeyris. Í áhættustefnu sjóðsins er sundurliðuð greining áhættupátta og mat stjórnenda á mikilvægi hvers áhættupáttar í rekstri sjóðsins. Tilgreint er hvaða deild viðkomandi áhætta tilheyrir og ber skráður eigandi áhættu ábyrgð á greiningu og mati við árlega uppfærslu. Við hverja eftirlitsaðgerð er tilgreindur umsjónaraðili og að auki tíðni og tímasetning framkvæmdar eftirlitsaðgerða í hverju tilviki. Jafnframt eru í áhættustefnunni tilgreindar viðmiðanir fyrir áhættur sem stjórnendur telja ásættanlegt að taka varðandi einstakar áhættur og reglulegar eftirlitsaðgerðir til sannprófunar á hlitingu viðmiðana. Upplýsingar um framvindu áhættustýringar og innra eftirlits eru lagðar fyrir stjórnendur í hverjum mánuði. Stjórnendur meta hvort framkvæmd og niðurstöður eftirlitsaðgerða séu í samræmi við áhættustefnu og annað skjalfest skipulag og/eða heimildir. Sýni niðurstöður eftirlitsaðgerða áhættu umfram viðmiðanir skal brugðist við í samræmi við viðbragðslýsingu. Framkvæmd eftirlits er allt frá því að vera tólf sinnum til einu sinni á ári. Stjórn lífeyrissjóðsins hefur aðgang að mánaðarlegum framvinduskýrslum og ber ábyrgð á áhættustýringunni gagnvart sjóðfélögum. Ársfjórðungslega er lögð fyrir stjórn ítarleg skýrsla þar sem sérstaklega er fjallað um tölulegar niðurstöður og frávík hafi þau komið fram við eftirlit. Innri endurskoðandi sjóðsins gerir reglulega úttekt á virkni áhættustýringar til að tryggja að stefnu stjórnar sé framfylgt. Að auki hefur stjórn sjóðsins skipað endurskoðunarnefnd í samræmi við lög sem ætlað er það hlutverk að hafa eftirlit

með endurskoðun ársreiknings og eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits sjóðsins, innri endurskoðanda og áhættustýringu. Áhættustefna sjóðsins tekur á alls 31 áhættupætti sem heyra undir fjóra yfirflokka áhættu sem eru fjárhagsleg áhætta, skuldbindingaáhætta, mótaðilaáhætta og rekstraráhætta. Ítarlega er fjallað um áhættupættina 31 í útdrætti úr áhættustefnunni sem fylgir fjárfestingarsstefnu fyrir árið 2015. Stuttlega er fjallað um fjóra yfirflokka áhættu í skýringum 14-17. 14. EFTIRLIT OG STÝRING Á FJÁRHAGSLEGRI ÁHÆTTU Fjárhagsleg áhætta er hættan á sveiflum í ávöxtun vegna breytinga á markaðsvirði eigna. Sjóðurinn hefur eftirlit með sjö þáttum fjárhagslegrar áhættu, þ.e. vaxtaáhættu, uppgreiðsluáhættu, markaðsáhættu, gjaldmiðlaáhættu, ósamræmisáhættu, verðbólguáhættu og áhættu vegna liða utan efnahagsreiknings. Í áhættustefnu sjóðsins eru skilgreind markmið, viðmið og/eða vikmörk fyrir fjárhagslegar áhættur og fjárfestingarstefna sjóðsins tekur mið af því að ólíkir flokkar verðbréfa og fjárfestingakosta bera mismikla áhættu. 15. EFTIRLIT OG STÝRING SKULDBINDINGAÁHÆTTU Skuldbindingaáhætta er hættan á því að lífeyrissjóðurinn geti ekki staðið við skuldbindingar sínar og greitt út lífeyri. Sjóðurinn hefur eftirlit með átta þáttum skuldbindingaáhættu, þ.e. skerðingaráhættu, iðgjaldaáhættu, umhverfisáhættu, lýðfræðilegri áhættu, réttindaflutningsáhættu, lausafjárahættu, seljanleikaáhættu og útstreymisáhættu. Fjárfestingarstefna sjóðsins er mótuð með það að markmiði að lágmarka hættu á því að hann geti ekki staðið við skuldbindingar gagnvart sjóðfélögum og áhættustefnan skilgreinir enn frekar það eftirlit sem framkvæmt er til að tryggja framfylgni fjárfestingarstefnu, reglna og laga.



16. EFTIRLIT OG STÝRING MÓTAÐILAÁHÆTTU

Mótaðilaáhætta er hættan á því að mótaðili í viðskiptum eða útgefandi verðbréfs geti ekki staðið við skuldbindingu sína gagnvart sjóðnum eða uppfylli ekki ákvæði samnings að öðru leyti. Sjóðurinn hefur eftirlit með sex þáttum mótaðilaáhættu, þ.e. útlánaáhættu, útgefendur hlutabréfa, samþjöppunaráhættu, landsáhættu, afhendingaráhættu og uppgjörssáhættu. Í fjárfestingarstefnu sjóðsins er skilgreint hámarksvægi á sama útgefanda verðbréfa í eigu sjóðsins til að draga úr mótaðilaáhættu. Einnig hefur sjóðurinn skilgreint viðmiðanir um fjárhagslegan styrk og arðsemi útgefenda til hliðsjónar við val á verðbréfum til að draga úr tapsáhættu eins og hægt er. Sjóðurinn setur þau skilyrði við kaup á verðbréfum að hafa aðgang að árs- og milliuppgjörum útgefanda skuldabréfa til greiningar með tilliti til skilgreindra viðmiðana. Mótaðilaáhætta stærstu útgefenda m.t.t. líkinda á greiðslufalli að einhverju eða öllu leyti er metin minnst einu sinni á ári í tengslum við birtingu uppgjöra útgefenda.

17. EFTIRLIT OG STÝRING REKSTRARÁHÆTTU

Rekstraráhætta er hættan á því að sjóðurinn verði fyrir tjóni vegna ófullnægjandi innri verkferla, mistaka eða svika starfsmanna, upplýsingatæknimála eða ytri atburða í rekstrarumhverfi lífeyrissjóða. Sjóðurinn hefur eftirlit með tíu þáttum rekstraráhættu, þ.e. starfsmannaáhættu, áhættu vegna svika, áhættu vegna upplýsingatækni, orðsporsáhættu, lagalegri áhættu, skjalaáhættu, úrskurðaráhættu lífeyris, áhættu vegna útivistunar, upplýsingaáhættu og frávikaáhættu. Við daglegan rekstur lífeyrissjóðsins eru ótal áhættuþættir sem geta haft áhrif á starfsemi hans og leitt til tjóns fyrir sjóðfélaga. Til að draga úr slíkri rekstraráhættu er unnið eftir verkferlum, vinnureglum og starfslýsingum og eftirlit haft með að þeim sé fylgt, ásamt öðrum reglum sem settar hafa verið um starfsemi sjóðsins. Stjórn sjóðsins hefur sett

sér samskipta- og starfsreglur og starfsmenn hafa sett sér siðareglur. Í áhættustefnu sjóðsins er skilgreint hvernig eftirliti með rekstraráhættu er háttað.

Innri endurskoðandi sjóðsins fylgist með innra eftirliti sjóðsins auk þess sem endurskoðunarnefnd hefur eftirlit með fyrirkomulagi og virkni eftirlitsins.

MAT STJÓRNENDA OG ÁLYKTANIR VIÐ BEITINGU REIKNINGSSKILAADFERÐA

18. EIGNAMAT VERÐBRÉFA

Í daglegu gengisuppgjöri lífeyrissjóðsins er farið yfir allar eignir sjóðsins og þær metnar. Skráð verðbréf eru eignfærð á markaðsverði en óskráð verðbréf á áætluðu markaðsverði. Veðskuldabréf eru eignfærð miðað við ávöxtunarkröfu við kaup. Framtakssjóðir (private equity og mezzanine funds) eru metnir á innra virði í samræmi við árshlutauppgjör og endurskoðuð ársuppgjör.

Mat á markaðsskuldabréfum skiptist upp í þrjú þrep:

1. Markaðsvirði sem byggir á viðskiptum á markaði. Mat á meirihluta eigna sjóðsins fellur undir þetta þrep eða um 79% af skuldabréfum.
2. Áætlað markaðsvirði sem byggir á viðskiptum á markaði með sambærilegar eignir, t.d. með eignir þar sem stopul viðskipti eiga sér stað. Um 20% af skuldabréfum sjóðsins fellur undir þetta þrep.
3. Áætlað markaðsvirði sem byggir að verulegu leyti á mati stjórnenda sjóðsins, t.d. með eignir þar sem óvissa ríkir um eignamat. Óverulegur hluti eigna sjóðsins fellur hér undir eða um 1% af skuldabréfum sjóðsins.

19. ÝMSAR SKULDIR OG SKULDAJÖFNUN

Ýmsar skuldir í efnahagsreikningi 31.12.2014 sundurliðast þannig að skuld við Glitni hf. var 446 milljónir, ógreidd séreign

inn á lán 231 milljón, áfallnir ógreiddir skattar 191 milljón og ógreiddur kostnaður 11 milljónir.

Á árinu 2012 samdi Almenni lífeyrissjóðurinn ásamt fjórtán öðrum lífeyrissjóðum við Glitni hf. um uppgjör skulda og krafna. Ágreiningskrafa um víkjandi skuldabréf útgefið af Glitni hf. í mars 2008 var undanskilið í uppgjörinu og var samkomulag um að vísa ágreiningnum til dómstóla. Á árinu 2014 náðist svo samkomulag á milli lífeyrissjóðanna og Glitnis hf. um uppgjör á víkjandi skuldabréfinu. Í samkomulaginu fólst að hluti skuldabréfsins var viðurkenndur sem almenn krafa og var metin tæk til skuldajöfnunar. Við uppgjörið lækkaði skuld Almenna lífeyrissjóðsins úr 2.057 m.kr. í 446 m.kr. og verður skuldin greidd í júní 2015.

20. SKULDBINDINGAR UTAN EFNAHAGS

Almenni lífeyrissjóðurinn hefur frá árinu 2003 gert samninga um fjárfestingar í framtakssjóðum. Með samningunum hefur lífeyrissjóðurinn skuldbundið sig til að fjárfesta fyrir ákveðna fjárhæð í hverjum sjóði sem er innkölluð í nokkrum áföngum á lengra tímabili. Útistandandi skuldbinding er um 3,0 milljarðar króna m.v. gjaldmiðlagengi í lok árs 2014, þar af eru um 1,8 milljarðar króna í erlendum gjaldmiðlum.



ÞÖGJÖLD

21. Þöggöld á árinu greinast þannig (í þúsundum króna):	2014	2013
Lágmarksiðggöld	5.824.094	5.564.789
Viðbótariðggöld	2.707.895	2.336.367
Réttindaflutningur og endurgreiðslur	(141.685)	(170.232)
Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði	35.455	31.684
Þöggöld samtals	8.425.759	7.762.607

LÍFEYRIR

22. Lífeyrir á árinu sundurliðast þannig (í þúsundum króna):		
Ellilífeyrir	929.780	854.426
Örorkulífeyrir	114.822	115.553
Makalífeyrir	144.131	141.087
Barnalífeyrir	16.763	17.317
Lífeyrisgreiðslur úr samtryggingarsjóði	1.205.496	1.128.383
Lífeyrisgreiðslur úr séreignarsjóði	3.490.233	2.426.264
Virk, starfsendurhæfingarsjóður	54.685	47.541
Kostnaður vegna örorkumats	1.132	456
Lífeyrir samtals	4.751.545	3.602.644

VAXTATEKJUR OG GENGISMUNUR

23. Vaxtatekjur og gengismunur sundurliðast þannig (í þúsundum króna):		
Hlutdeildarskírteini	5.023.334	3.739.723
Skuldabréf	2.283.202	3.237.826
Áhrif vegna skuldar við Glitni hf.	75.653	(200.293)
Aðrar vaxtatekjur	996.062	1.383.305
Lántökugjöld	5.569	4.817
Samtals	8.383.819	8.165.378

REKSTRARKOSTNAÐUR

24. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður greinist þannig (í þúsundum króna)	2014	2013
Laun og launatengd gjöld	239.324	212.259
Annar starfsmannakostnaður	12.758	10.177
Umsjónarlaun Íslandsbanka	8.432	8.221
Endurskoðun og uppgjör	12.105	12.831
Fjármálaeftirlitið	12.475	12.279
Umboðsmaður skuldara	3.108	4.952
Rekstur og húsnæði	37.180	34.831
Rekstur tölvukerfa	68.575	52.738
Afskriftir	383	1.150
Markaðs- og kynningarmál	15.982	17.109
Önnur sérfræðiþjónusta	15.919	13.281
Innheimtukostnaður skuldabréfa	3.982	5.797
Þóknun vegna verðbréfavíðskipta	11.369	7.123
Þóknun til ISB vegna sjóðfélagalána	5.569	4.817
Annar kostnaður	21.333	19.621
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður samtals	468.494	417.185
Fært á fjárfestingargjöld	(187.398)	(166.874)
Fært á rekstrarkostnað	281.096	250.311

25. Samkvæmt grein 5.7 í samþykktum er stjórn Almenna lífeyrissjóðsins launuð og ákveður ársfundur stjórnarlaun fyrir liðið starfsár.

Stjórnarlaun greidd á árinu 2014 eru sem hér segir (í þúsundum króna):	2014
Sigurbjörn Sveinsson, formaður	2.400
Sigríður Sigurðardóttir	1.800
Ástríður G. Jóhannesdóttir	1.200
Oddur Ingimarsson	1.200
Ragnar Torfi Geirsson	1.200
Hrönn Sveinsdóttir	1.200
Ólafur Hvanndal Jónsson	600
Anna Karen Hauksdóttir	400
Ingvar Baldursson	800
Stjórnarlaun samtals	10.800

Endurskoðunarnefnd	2014
Gísli Hlíðberg Guðmundsson, formaður	1.125
Ólafur Hvanndal Jónsson	563
Eiríkur Þorbjörnsson	563
	2.250

Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri, laun og hlunnindi	18.617
---	--------

26. Póknun til endurskoðenda sundurliðast þannig (í þúsundum króna):

	2014	2013
Endurskoðun ársreiknings Almenna lífeyrissjóðsins	6.450	7.352
Innri endurskoðun	2.812	3.402
Önnur þjónusta	437	1.304
Samtals	9.698	12.058

FJÁRFESTINGAR

27. Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig (í þúsundum króna):

	2014	2013
Innlend hlutabréf		
Skráð bréf	3.909.149	2.075.839
Óskráð bréf	8.082.364	4.113.793
	11.991.513	6.189.631

Erlend hlutabréf		
Óskráð bréf	30.947	29.163
	30.947	29.163

Hlutdeildarskírteini:

Innlendir sjóðir

Sjóðir með ríkistryggðum skuldabréfum	14.930.957	15.169.369
Sjóðir með hlutabréfum	687.164	644.126
Sjóðir með markaðsskuldabréfum	870.781	944.248
Aðrir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu	143.071	184.827
	16.631.973	16.942.570

	2014	2013
Erlendir sjóðir		
Sjóðir með skuldabréfum	1.745.887	2.308.735
Sjóðir með hlutabréfum	31.849.565	26.038.604
Aðrir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu	2.867.413	3.434.017
	36.462.865	31.781.356

Verðbréf með breytilegum tekjum samtals	65.117.299	54.942.720
---	------------	------------

28. Innlend hlutabréf greinast þannig (í þúsundum króna):

	Eignarhluti	2014	2013
Skráð innlend hlutabréf			
N1 hf.	5,00%	811.928	944.916
Icelandair Group hf.	0,69%	737.659	119.593
HB Grandi hf.	1,19%	732.130	0
Eimskipafélag Íslands hf.	0,87%	410.937	405.572
Hagar hf.	0,81%	384.031	0
Marel hf.	0,26%	268.616	39.900
Tryggingamiðstöðin hf.	1,31%	261.746	447.172
Vátryggingafélag Íslands hf.	0,84%	191.359	33.931
Fjarskipti hf.	0,78%	93.089	72.476
Nýherji hf.	0,82%	17.427	12.279
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	0,00%	228	0
		3.909.149	2.075.839

28. Innlend hlutabréf greinast þannig (í þúsundum króna), frh.:

	Eignarhluti	2014	2013
Óskráð innlend hlutabréf			
Eik fasteignafélag hf.	8,61%	1.596.198	919.251
IEI slhf. (erlendar fjárfestingar FSÍ)	9,78%	1.254.189	0
Framtakssjóður Íslands slhf.	2,31%	855.823	985.386
Skipti hf.	2,74%	793.775	618.000
Jarðvarmi slhf. (HS Orka)	5,13%	728.954	728.954
SF V slhf. (framtafsfjárfestingar)	5,49%	500.000	0
FAST-I slhf. (fasteignafjárfesting)	6,88%	459.558	96.216
HSV eignarhaldsfélag slhf. (HS Veitur)	12,68%	400.000	0
Horn II slhf. (framtafsfjárfestingar)	4,68%	346.319	43.237
SRE I slhf. (fasteignafjárfesting)	15,63%	295.185	286.279
Reitir fasteignafélag hf.	0,54%	215.973	0
SRE II slhf. (fasteignafjárfestingar)	4,06%	207.500	140.922
BG12 slhf. (Bakkavör Group Ltd.)	2,10%	144.050	144.050
Akur fjárfestingar (framtafsfjárfestingar)	6,90%	124.792	0
Foss fasteignafélag slhf.	5,91%	64.729	64.729
FÍ fasteignafélag slhf.	5,04%	51.089	27.121
Advania hf.	0,40%	17.173	17.173
Stoðir hf.	0,13%	15.344	15.344
Atorka Group hf.	1,09%	6.277	25.062
Önnur félög		5.435	2.067
		8.082.364	4.113.793
Innlend hlutabréf samtals		11.991.513	6.189.631

29. Innlendir sjóðir greinast þannig (í þúsundum króna):

	2014	2013
Verðbréfasjóðir		
Löng ríkisskuldabréf - Sjóður 7	13.866.470	14.135.058
Skuldabréf - Sjóður 1B (slitasjóður)	719.357	749.636
Ríkisskuldabréf - Sjóður 5	579.915	570.582
IS Hlutabréfasjóðurinn	562.950	526.321
Ríkissafn - Ríkisskuldabréf og innlán fjármálastofnana	366.735	351.519
Fyrirtækjabréf - Sjóður 11B (slitasjóður)	151.425	194.611
Úrvalsvísitala - Sjóður 6	124.214	117.805
Veltusafn	117.837	112.210
	16.488.902	16.757.742
Aðrir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu		
Auður Capital slf	143.071	184.827
	143.071	184.827
Innlendir sjóðir samtals	16.631.973	16.942.570

30. Erlendir sjóðir greinast þannig (í þúsundum króna):

	2014	2013
Hlutabréfasjóðir		
Vanguard Global Stock Index Fund	13.934.718	10.675.515
BlackRock Developed World Index Sub-Fund	8.606.791	7.391.293
Vanguard Global Enhanced Equity Fund	4.246.564	3.057.889
Sparinvest Global Value Fund	2.552.927	2.499.813
Skagen Global II	2.508.565	2.414.094
	31.849.565	26.038.604
Skuldabréfasjóðir		
Vanguard Euro Government Bond Index Fund	966.629	1.150.086
Vanguard U.S. Government Bond Index Fund	779.258	1.158.650
	1.745.887	2.308.735
Aðrir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu		
MS Private Markets Fund IV	876.889	680.918
MS Private Markets Fund III	556.708	522.428
ML Vesey Street Fund III-C-LLC	454.449	478.476
ICG Mezzanine Fund - 2006	428.940	1.127.514
Credit Suisse DLJ Merchant IV	201.784	185.794
BlackRock Private Opportunities Fund II	184.480	182.655
CS DJL Investment Partners III	92.591	92.797
ICG Mezzanine Fund - 2003	71.571	163.435
	2.867.413	3.434.017
Erlendir sjóðir samtals	36.462.865	31.781.356

31. Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig (í þúsundum króna):

	2014	2013
Skuldabréf með ríkisábyrgð	28.776.768	29.736.936
Bankabréf	1.860.422	1.555.308
Önnur skuldabréf	19.306.309	16.875.442
Verðbréf með föstum tekjum samtals	49.943.499	48.167.686

32. Veðskuldabréf greinast þannig (í þúsundum króna):

Lán til sjóðfélaga	14.414.825	15.250.882
Varúðarafskriftir	(520.933)	(610.035)
Önnur veðskuldabréf	206.428	228.501
Veðskuldabréf samtals	14.100.320	14.869.348

33. Fjárfestingar skiptast þannig eftir gjaldmiðlum (í þúsundum króna):

Í íslenskum krónum		
Verðbréf með breytilegum tekjum	28.623.487	23.133.311
Verðbréf með föstum tekjum	48.986.956	46.915.619
Veðskuldabréf	14.100.320	14.869.348
Bundnar bankainnstæður	20.734.785	20.532.391
Aðrar fjárfestingar	104.947	274.999
	112.550.495	105.725.667
Í erlendum gjaldmiðlum		
Verðbréf með breytilegum tekjum	36.493.812	31.809.409
Verðbréf með föstum tekjum	956.543	1.252.067
	37.450.355	33.061.476
Fjárfestingar samtals	150.000.849	138.787.143

SKÝRINGAR, frh.

34. Ýmsar kröfur greinast þannig (í þúsundum króna):

	2014	2013
Krafa vegna leiðréttingar veðskuldabréfa	468.705	0
Aðrar kröfur	16.516	20.584
Samtals	485.221	20.584

35. Rekstrarfjármunir greinast þannig (í þúsundum króna):

	2014
Heildarverð 1.1.2014	383
Breytingar á árinu	0
	383
Afskrifað á árinu	383
	0
Bókfært verð 31.12.2014	0

36. Ýmsar skuldir greinast þannig (í þúsundum króna):

	2014	2013
Skuld við Glitni hf.	445.685	2.523.507
Ógreidd séreign inn á lán	231.471	0
Áfallnir ógreiddir skattar	191.271	175.319
Ógreidd fjárfesting	0	177.177
Ógreiddur kostnaður	11.393	4.728
Samtals	879.820	2.880.732

ÁVÖXTUNARLEIÐIR

37. Hrein eign til greiðslu lífeyris skipt eftir ávöxtunarleiðum (í þúsundum króna):

	Séreignar- sjóður	Samtryggingar- sjóður	Samtals
Ævisafn I	13.800.339		13.800.339
Ævisafn II	40.875.049		40.875.049
Ævisafn III	5.771.996		5.771.996
Innlánasafn	21.013.159		21.013.159
Ríkissafn langt	1.038.877		1.038.877
Ríkissafn stutt	272.891		272.891
Samtryggingarsjóður		73.714.831	73.714.831
Samtals	82.772.311	73.714.831	156.487.143

38. Rekstur og efnahagur séreignarsjóðs og samtryggingarsjóðs greinist þannig (í þúsundum króna):

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2014:

	Séreignar- sjóður	Samtryggingar- sjóður	Samtals
lögjöld	4.729.178	3.696.581	8.425.759
Lífeyrir	(3.490.233)	(1.261.312)	(4.751.545)
Fjárfestingartekjur	5.648.056	5.164.748	10.812.804
Fjárfestingargjöld	(99.025)	(88.513)	(187.539)
Rekstrarkostnaður	(148.424)	(132.672)	(281.096)
Hækkun á hreinni eign á árinu	6.639.552	7.378.831	14.018.383
Hrein eign frá fyrra ári	76.132.760	66.336.001	142.468.760
Hrein eign til greiðslu lífeyris	82.772.311	73.714.831	156.487.143

Efnahagsreikningur 31. desember 2014:

Fjárfestingar	79.001.306	70.999.544	150.000.849
Aðrar eignir	4.365.161	3.000.952	7.366.114
Skuldir	(594.155)	(285.665)	(879.820)
Hrein eign til greiðslu lífeyris	82.772.311	73.714.831	156.487.143

39. Rekstur og efnahagur séreignarsjóðs greinist þannig (í milljónum króna):

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2014:

	Ævisafn I	Ævisafn II	Ævisafn III	Innlána- safn	Ríkissafn langt	Ríkissafn stutt	Samtals 2014	Samtals 2013
Iðgjöld:								
Iðgjöld sjóðfélaga	581	791	184	249	12	1	1.819	1.502
Iðgjöld launagreiðenda	1.043	1.359	250	376	22	2	3.052	2.910
Réttindaflutningur og endurgreiðslur	(369)	(172)	592	138	(327)	(4)	(142)	(165)
	1.255	1.977	1.027	763	(293)	(1)	4.729	4.247
Lífeyrir:								
Lífeyrir	702	1.160	255	1.322	46	6	3.490	2.426
Fjárfestingartekjur:								
Tekjur af eignarhlutum	137	365	22	0	0	0	524	420
Vaxtatekjur og gengismunur	991	2.582	226	720	10	11	4.539	4.391
Niðurfærsla verðbréfa	130	411	17	26	0	0	585	189
	1.257	3.358	265	746	10	11	5.648	5.000
Fjárfestingargjöld:								
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	16	48	7	26	2	0	99	89
Vaxtagjöld	0	0	0	0	0	0	0	0
	16	48	7	26	2	0	99	89
Rekstrarkostnaður:								
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	24	73	10	39	2	1	148	134
Hækkun (lækkun) á hreinni eign á árinu	1.772	4.055	1.021	121	(332)	3	6.640	6.597
Hrein eign frá fyrra ári	12.029	36.820	4.751	20.892	1.371	270	76.133	69.535
Hrein eign til greiðslu lífeyris	13.800	40.875	5.772	21.013	1.039	273	82.772	76.133

39. Rekstur og efnahagur séreignarsjóðs greinist þannig (í milljónum króna), frh.:

Efnahagsreikningur 31. desember 2014:

	Ævisafn I	Ævisafn II	Ævisafn III	Innlána- safn	Ríkissafn langt	Ríkissafn stutt	Samtals 2014	Samtals 2013
Fjárfestingar:								
Verðbréf með breytilegum tekjum	9.439	22.568	1.146	0	102	71	33.326	28.160
Verðbréf með föstum tekjum	2.861	12.711	2.526	0	896	153	19.147	18.442
Veðskuldabréf	960	4.353	440	0	0	0	5.753	6.347
Bundnar bankainnstæður	0	0	1.096	19.639	0	0	20.735	20.532
Aðrar fjárfestingar	7	32	3	0	0	0	42	116
	13.267	39.663	5.211	19.639	997	224	79.001	73.598
Kröfur:								
Ýmsar kröfur	33	150	15	0	0	0	198	9
Aðrar eignir:								
Rekstrarfjármunir	0	0	0	0	0	0	0	0
Sjóður og veltiinnlán	699	1.284	581	1.508	45	50	4.167	4.194
	699	1.284	581	1.508	45	50	4.167	4.194
Eignir samtals	13.999	41.097	5.807	21.147	1.042	274	83.366	77.801
Skuldir:								
Ýmsar skuldir	(199)	(222)	(35)	(134)	(3)	(1)	(594)	(1.668)
Hrein eign til greiðslu lífeyris	13.800	40.875	5.772	21.013	1.039	273	82.772	76.133

39. Rekstur og efnahagur séreignarsjóðs greinist þannig (í milljónum króna), frh.:

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2014:

	Ævisafn I	Ævisafn II	Ævisafn III	Innlána- safn	Ríkissafn langt	Ríkissafn stutt	Samtals 2014	Samtals 2013
Inngreiðslur:								
Iðgjöld	1.255	1.977	1.027	763	(293)	(1)	4.729	4.247
Fjárfestingartekjur	293	1.147	158	58	40	10	1.706	1.606
Afborganir verðbréfa	129	589	85	0	8	70	881	797
Seld verðbréf með breytilegum tekjum	497	1.191	60	0	45	15	1.808	2.769
Seld verðbréf með föstum tekjum	97	361	32	0	261	0	751	606
Bundnar bankainnstæður	0	0	0	500	0	0	500	1.500
Aðrar inngreiðslur	31	90	17	1	0	0	139	31
	2.302	5.356	1.379	1.322	62	94	10.515	11.556
Útgreiðslur:								
Lífeyrir	641	1.073	233	1.261	45	6	3.259	2.426
Fjárfestingargjöld	2	8	1	2	0	0	13	114
Rekstrarkostnaður	37	115	16	64	4	1	236	213
Aðrar útgreiðslur	168	513	4	16	0	0	702	650
	849	1.708	254	1.343	49	7	4.210	3.404
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum	1.453	3.648	1.124	(21)	13	87	6.305	8.152
Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting:								
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum	1.191	2.689	139	0	0	14	4.034	2.812
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum	149	999	892	0	0	103	2.143	4.142
Ný veðlán	3	127	25	0	0	0	155	356
Bundnar bankainnstæður	0	0	0	0	0	0	0	1.060
	1.343	3.816	1.056	0	0	117	6.332	8.369
Hækkun (lækkun) á sjóði og veltinnlánum	111	(168)	68	(21)	13	(30)	(27)	(217)
Sjóður og veltinnlán í ársbyrjun	588	1.453	513	1.529	32	79	4.194	4.411
Sjóður og veltinnlán í árslok	699	1.284	581	1.508	45	50	4.167	4.194



40. Iðgjöld séreignarsjóðs á árinu greinast þannig (í þúsundum króna):

	2014	2013
Lágmarksiðgjöld	2.163.435	2.075.686
Viðbótariðgjöld	2.707.895	2.336.367
Réttindaflutningur og endurgreiðslur	(142.151)	(165.343)
Iðgjöld samtals	4.729.178	4.246.710

41. Lífeyrir séreignarsjóðs á árinu sundurliðast þannig (í þúsundum króna):

	2014	2013
Ellilífeyrir	1.445.384	1.208.562
Örorkulífeyrir	18.059	19.940
Erfðalífeyrir	55.012	46.164
Séreign inn á lán	430.050	0
Aukagreiðsla (tímabundin opnun séreignarspamaðar)	1.541.729	1.151.599
Lífeyrir samtals	3.490.233	2.426.264

42. Fjárfestingar séreignarsjóðs skiptast þannig eftir verðbréfaflokkum, en þá hefur verið tekið tillit til eignasamsetningar í einstökum verðbréfasjóðum (í milljónum króna):

	Ævisafn I		Ævisafn II		Ævisafn III		Innlánasafn		Ríkissafn langt		Ríkissafn stutt	
	%		%		%		%		%		%	
Skuldabréf												
Skuldabréf með ríkisábyrgð	2.834	21	12.051	3	1.898	36			994	100	198	89
Skuldabréf fjármálastofnana	125	1	566	1	318	6						
Skuldabréf sveitarfélaga	627	5	2.840	7	469	9						
Önnur verðbréf	542	4	2.200	6	298	6						
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	960	7	4.353	11	440	8						
Erlend skuldabréf	4	0	18	0								
Hlutabréf												
Innlend hlutabréf	1.272	10	3.237	8	194	4						
Erlend hlutabréf	5.867	44	12.093	30	399	8						
Hlutir og hlutdeildarsk. annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	1.001	8	2.143	5	83	2						
Aðrar fjárfestingar	7	0	32	0	3	0						
Laust fé / skammtímaávöxtun	29	0	131	0	13	0			3	0	26	11
Bundnar bankainnstæður					1.096	21	19.639	100				
Samtals	13.267		39.663		5.210		19.639		997		224	

43. Raunávöxtun einstakra verðbréfaflokka var þannig á árinu 2014, en þá hefur verið tekið tillit til eignasamsetningar í einstökum verðbréfasjóðum:

Eignaflokkur	Ævisafn I	Ævisafn II	Ævisafn III	Ríkissafn langt	Ríkissafn stutt	Innlána-safn	Viðmið
Innlán í bönkum og sparisjóðum	3,5%	3,6%	2,7%	3,5%	3,5%	2,1%	
Skuldabréf							0,6% til 4,1%
Skuldabréf með ríkisábyrgð	1,5%	1,5%	1,2%	(0,4%)	2,9%		
Skuldabréf sveitarfélaga	0,6%	0,6%	1,2%				
Skuldabréf fjármálastofnana	(0,5%)	(0,5%)	0,0%				
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	4,1%	4,1%	4,1%				
Önnur verðbréf	3,4%	3,4%	1,2%				
Erlend skuldabréf	10,0%	10,0%	10,0%				
Hlutabréf							
Innlend hlutabréf	15,8%	15,8%	15,8%				9,5%
Hlutir og hlutdeildarskírteini annarra innlendra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	1,6%	1,6%	1,6%				
Erlend hlutabréf	13,0%	13,0%	13,0%				14,6%
Hlutir og hlutdeildarskírteini annarra erlendra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	22,1%	22,1%	22,1%				

*Viðmið:

Skuldabréfavísitölur Kauphallar Íslands með 8 ára meðaltíma fyrir Ævisafn I og II og 6 ára meðaltíma fyrir Ævisafn III.

Raunávöxtunarviðmið skuldabréfa er 0,9% fyrir Ævisafn I og II, 1,7% fyrir Ævisafn III.

Skuldabréfavísitölur Kauphallar Íslands, verðtryggð með 10 ára meðaltíma fyrir Ríkissafn langt og óverðtryggð með 1 árs meðaltíma fyrir Ríkissafn stutt.

Raunávöxtunarviðmið skuldabréfa Ríkissafns langt er 0,6% og 4,1% fyrir Ríkissafn stutt.

Hlutabréfavísitala aðallista Kauphallar Íslands fyrir innlend hlutabréf.

Heimsvísitala Morgan Stanley með arðgreiðslum (MSCI TR) í íslenskum krónum fyrir erlend hlutabréf.

44. Breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris í séreignarsjóði greinast þannig á árinu (í þúsundum króna):

	2014	2013		2014	2013
Staða í ársbyrjun	76.132.760	69.535.399	Inneign laus til útborgunar frá 60 ára (samkvæmt vali sjóðfélaga)	81.578.671	75.104.983
lögjöld á árinu	4.729.178	4.246.710	Inneign laus til útborgunar frá 65–79 ára (hluti af lágmarkslífeyri frá 70 ára aldri)	631.402	586.416
Lífeyrisgreiðslur á árinu	(3.490.233)	(2.426.264)	Inneign laus til útborgunar frá 65–84 ára (hluti af lágmarkslífeyri frá 70 ára aldri)	346	330
Hreinar fjárfestingartekjur	5.400.606	4.776.915	Erfðaséreign laus til útborgunar	561.893	441.031
Staða í árslok	82.772.312	76.132.760			

45. Kennitölur

Ævisafn I	2014	2013	2012	2011	2010
Hrein raunávöxtun	8,7%	4,4%	16,6%	1,2%	2,0%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðastliðin fimm ár	6,4%	5,8%	(3,8%)	(7,5%)	(5,3%)
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga					
Skráð verðbréf með breytilegum tekjum	58,7%	56,1%	56,8%	49,2%	48,3%
Óskráð verðbréf með breytilegum tekjum	12,5%	10,3%	13,2%	12,1%	9,1%
Skráð verðbréf með föstum tekjum	20,1%	22,9%	18,3%	20,4%	22,8%
Óskráð verðbréf með föstum tekjum	1,5%	1,6%	2,3%	7,3%	7,5%
Veðskuldabréf	7,2%	9,2%	9,4%	11,0%	12,3%
Fjárfestingar					
Eignir í íslenskum krónum	48,9%	49,4%	44,7%	48,8%	55,6%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	51,1%	50,6%	55,3%	51,2%	44,4%
Hlutfallsleg skipting lífeyris séreignardeildar					
Ellilífeyrir	10,7%	8,2%	7,1%	2,6%	4,6%
Örorkulífeyrir	0,2%	0,6%	0,1%	0,2%	0,1%
Erfðalífeyrir	1,6%	3,7%	3,1%	0,6%	0,7%
Séreign inn á lán	18,5%				
Aukagreiðsla	68,9%	87,5%	89,7%	96,6%	94,6%
Fjöldi sjóðfélaga	4.545	4.647	2.655	145	67
Fjöldi lífeyrisþega	195	133	158	334	546
Lífeyrisbyrði	43,2%	21,8%	48,4%	1000,0%	2396,4%

45. Kennitölur, frh.

Ævisafn II	2014	2013	2012	2011	2010
Hrein raunávöxtun	7,6%	3,6%	11,7%	3,6%	2,0%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðastliðin fimm ár	5,6%	4,2%	(2,6%)	(5,5%)	(3,9%)
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga					
Skráð verðbréf með breytilegum tekjum	47,1%	44,7%	44,4%	39,8%	40,8%
Óskráð verðbréf með breytilegum tekjum	9,8%	7,8%	8,6%	7,8%	6,1%
Skráð verðbréf með föstum tekjum	30,4%	32,8%	29,1%	31,4%	31,7%
Óskráð verðbréf með föstum tekjum	1,6%	1,6%	2,9%	4,2%	4,5%
Veðskuldabréf	11,0%	13,2%	14,9%	16,8%	16,9%
Fjárfestingar					
Eignir í íslenskum krónum	64,4%	65,8%	65,1%	69,3%	69,8%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	35,6%	34,2%	34,9%	30,7%	30,2%
Hlutfallsleg skipting lífeyris séreignardeildar					
Ellilífeyrir	49,8%	66,7%	50,5%	38,1%	47,5%
Örorkulífeyrir	0,8%	1,9%	1,2%	0,7%	0,3%
Erfðalífeyrir	1,2%	0,9%	2,7%	1,4%	2,6%
Séreign inn á lán	13,2%				
Aukagreiðsla	35,1%	30,5%	45,6%	59,8%	49,6%
Fjöldi sjóðfélaga	4.240	4.276	2.340	63	33
Fjöldi lífeyrisþega	255	182	227	389	487
Lífeyrisbyrði	53,9%	33,2%	73,8%	2757,2%	5990,9%

45. Kennitölur, frh.

Ævisafn III	2014	2013	2012	2011	2010
Hrein raunávöxtun	3,7%	2,5%	5,8%	4,4%	1,2%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðastliðin fimm ár	3,5%	(0,3%)	(6,7%)	(7,7%)	(7,3%)
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga					
Skráð verðbréf með breytilegum tekjum	18,2%	20,1%	25,7%	29,7%	31,9%
Óskráð verðbréf með breytilegum tekjum	3,8%	3,1%	3,4%	3,3%	3,5%
Skráð verðbréf með föstum tekjum	45,1%	36,9%	37,5%	33,1%	44,7%
Óskráð verðbréf með föstum tekjum	3,4%	3,9%	6,5%	3,5%	4,6%
Veðskuldabréf	8,4 %	11,0%	15,4%	17,8%	15,2%
Bundnar bankainnstæður	21,0%	24,9%	11,5%	12,6%	0,0%
Fjárfestingar					
Eignir í íslenskum krónum	90,7%	90,0%	83,7%	86,4%	84,4%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	9,3%	10,0%	16,3%	13,6%	15,6%
Hlutfallsleg skipting lífeyris séreignardeildar					
Ellilífeyrir	72,0%	82,4%	81,0%	85,2%	79,2%
Örorkulífeyrir	0,0%	0,3%	0,5%	0,2%	0,9%
Erfðalífeyrir	5,2%	6,9%	3,8%	2,0%	4,7%
Séreign inn á lán	12,7%				
Aukagreiðsla	10,1%	10,4%	14,7%	12,6%	15,2%
Fjöldi sjóðfélaga	1.081	989	499	27	25
Fjöldi lífeyrisþega	74	75	63	63	86
Lífeyrisbyrði	58,7%	65,3%	91,4%	2079,7%	2439,6%

45. Kennitölur, frh.

Ævisafn IV*

	2014	2013	2012	2011	2010
Hrein raunávöxtun			2,7%	2,7%	3,1%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðastliðin fimm ár			(3,6%)	(2,9%)	(2,5%)
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga					
Skráð verðbréf með breytilegum tekjum			0,0%	0,0%	0,0%
Óskráð verðbréf með breytilegum tekjum			0,0%	0,0%	0,0%
Skráð verðbréf með föstum tekjum			0,0%	0,0%	0,0%
Óskráð verðbréf með föstum tekjum			0,0%	0,0%	1,6%
Bundnar bankainnstæður			0,0%	100,0%	98,4%
Fjárfestingar					
Eignir í íslenskum krónum			0,0%	100,0%	98,4%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum			0,0%	0,0%	1,6%
Hlutfallsleg skipting lífeyris séreignardeildar					
Ellilífeyrir			84,5%	86,6%	87,5%
Örorkulífeyrir			1,4%	0,0%	0,2%
Erfðalífeyrir			7,7%	4,4%	4,4%
Aukagreiðsla			6,4%	9,0%	7,9%
Fjöldi sjóðfélaga			39	19	23
Fjöldi lífeyrisþega			33	58	80
Lífeyrisbyrði			344,8%	1775,0%	1987,1%

* Ævisafn IV sameinaðist Innlánasafni í september 2012. Ávöxtun ársins 2012 er ávöxtun í sameinuðu safni.

SKÝRINGAR, frh.

45. Kennitölur, frh.

Innlánasafn	2014	2013	2012	2011	2010
Hrein raunávöxtun	2,1%	1,9%	1,9%	2,5%	3,7%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðastliðin fimm ár	2,4%	3,2%			
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga					
Bundnar bankainnstæður	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Fjárfestingar					
Eignir í íslenskum krónum	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Hlutfallsleg skipting lífeyris séreignardeildar					
Ellilífeyrir	43,0%	45,1%	32,9%	22,9%	25,8%
Örorkulífeyrir	0,6%	0,4%	0,2%	0,1%	0,2%
Erfðalífeyrir	1,3%	1,1%	1,2%	0,9%	1,7%
Séreign inn á lán	8,5%				
Aukagreiðsla	46,7%	53,4%	65,7%	76,1%	72,3%
Fjöldi sjóðfélaga	1.117	831	5.719	11.493	12.139
Fjöldi lífeyrisþega	353	362	547	842	1.072
Lífeyrisbyrði	211,4%	254,8%	71,8%	37,8%	24,7%

SKÝRINGAR, frh.

45. Kennitölur, frh.

Ríkissafn stutt	2014	2013	2012	2011	2010
Hrein raunávöxtun	2,9%	0,0%	(0,4%)	(2,2%)	6,7%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðastliðin fimm ár	1,4%				
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga					
Skráð verðbréf með breytilegum tekjum	31,7%	36,3%	27,6%	14,2%	19,9%
Skráð verðbréf með föstum tekjum	68,3%	63,7%	72,4%	85,8%	80,1%
Fjárfestingar					
Eignir í íslenskum krónum	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Hlutfallsleg skipting lífeyris séreignardeildar					
Ellilífeyrir	87,5%	0,0%	53,4%	90,4%	44,3%
Örorkulífeyrir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Erfðalífeyrir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Séreign inn á lán	7,8%				
Aukagreiðsla	4,7%	100,0%	46,6%	9,6%	55,7%
Fjöldi sjóðfélaga	7	7	12	15	8
Fjöldi lífeyrisþega	1	1	4	7	3
Lífeyrisbyrði	210,3%	180,8%	303,5%	480,1%	145,2%

SKÝRINGAR, frh.

45. Kennitölur, frh.

Ríkissafn langt	2014	2013	2012	2011	2010
Hrein raunávöxtun	0,0%	(1,5%)	1,8%	6,3%	8,6%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðastliðin fimm ár	3,0%				
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga					
Skráð verðbréf með breytilegum tekjum	10,2%	10,9%	24,4%	24,1%	26,7%
Skráð verðbréf með föstum tekjum	89,8%	89,1%	75,6%	75,9%	73,3%
Fjárfestingar					
Eignir í íslenskum krónum	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Hlutfallsleg skipting lífeyris séreignardeildar					
Ellilífeyrir	76,6%	71,8%	80,3%	52,0%	49,7%
Örorkulífeyrir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Erfðalífeyrir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Séreign inn á lán	5,1%				
Aukagreiðsla	18,3%	28,2%	19,7%	48,0%	50,3%
Fjöldi sjóðfélaga	52	73	97	94	73
Fjöldi lífeyrisþega	8	9	16	17	12
Lífeyrisbyrði	133,7%	85,4%	99,0%	79,3%	38,3%

Skilgreining

Hrein raunávöxtun:	Raunávöxtun miðað við breytingu á gengi ávöxtunarleiða.
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar:	Meðaltal hreinnar raunávöxtunar á fimm ára tímabili.
Fjöldi sjóðfélaga:	Meðaltal fjölda sjóðfélaga sem greiddi iðgjald á reikningsárinu.
Fjöldi lífeyrisþega:	Meðaltal fjölda lífeyrisþega sem fékk greiddan lífeyri á reikningsárinu.
Lífeyrisbyrði:	Lífeyrisbyrði sýnir hlutfall lífeyrisgreiðslna af iðgjöldum.



SÉRGREINT YFIRLIT UM REKSTUR OG FJÁRHAG SAMTRYGGINGARSJÓÐS ÁRIÐ 2014

46. Rekstur og efnahagur samtryggingarsjóðs greinist þannig (í þúsundum króna):

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2014:

	2014	2013
Iðgjöld:		
Iðgjöld sjóðfélaga	1.175.191	1.114.760
Iðgjöld launagreiðenda	2.485.469	2.374.342
Réttindaflutningur og endurgreiðslur	466	(4.889)
	3.661.126	3.484.213
Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði	35.455	31.684
	3.696.581	3.515.897
Lífeyrir:		
Lífeyrir	1.205.496	1.128.383
Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris	55.817	47.997
	1.261.312	1.176.380
Fjárfestingartekjur:		
Tekjur af eignarhlutum	589.098	582.943
Vaxtatekjur og gengismunur	3.844.603	3.774.413
Niðurfærsla verðbréfa	731.046	374.371
	5.164.748	4.731.727
Fjárfestingargjöld:		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	88.448	77.763
Vaxtagjöld	65	123
	88.513	77.886
Rekstrarkostnaður:		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	132.672	116.645
Hækkun á hreinni eign á árinu	7.378.831	6.876.713
Hrein eign frá fyrra ári	66.336.001	59.459.287
Hrein eign til greiðslu lífeyris	73.714.831	66.336.001

Efnahagsreikningur 31. desember 2014:

	2014	2013
Fjárfestingar:		
Verðbréf með breytilegum tekjum	31.791.689	26.782.976
Verðbréf með föstum tekjum	30.796.854	29.725.563
Veðskuldabréf	8.347.744	8.521.995
Aðrar fjárfestingar	63.257	158.787
	70.999.544	65.189.321
Kröfur:		
Kröfur á launagreiðendur	420.000	400.000
Ýmsar kröfur	286.912	11.671
	706.912	411.671
Aðrar eignir:		
Rekstrarfjármunir	0	169
Sjóður og veltiinnlán	2.294.041	1.947.421
	2.294.041	1.947.590
Eignir samtals	74.000.496	67.548.582
Skuldir:		
Ýmsar skuldir	285.665	1.212.581
Hrein eign til greiðslu lífeyris	73.714.831	66.336.001

46. Rekstur og efnahagur samtryggingarsjóðs greinist þannig (í þúsundum króna), frh.:

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2014:

	2014	2013
Inngreiðslur:		
Iðgjöld	3.708.132	3.527.308
Fjárfestingartekjur	2.455.571	2.259.039
Afborganir verðbréfa	1.691.790	1.097.276
Seld verðbréf með breytilegum tekjum	2.217.807	1.926.092
Seld verðbréf með föstum tekjum	660.519	261.246
Aðrar inngreiðslur	154.868	29.370
	10.888.687	9.100.332
Útgreiðslur:		
Lífeyrir	1.261.312	1.176.380
Fjárfestingargjöld	12.639	86.686
Rekstrarkostnaður	210.111	184.106
Aðrar útgreiðslur	125.862	272.756
	1.609.924	1.719.928
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum	9.278.763	7.380.404
Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting:		
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum	4.822.298	2.740.188
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum	3.206.916	5.002.529
Ný veðlán	902.930	571.713
	8.932.143	8.314.430
Hækkun (lækkun) á sjóði og veltiinnlánnum	346.620	(934.025)
Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun	1.947.421	2.881.446
Sjóður og veltiinnlán í árslok	2.294.041	1.947.421

47. Iðgjöld samtryggingarsjóðs á árinu greinast þannig (í þúsundum króna):

	2014	2013
Lágmarksiðgjöld	3.660.659	3.489.103
Réttindaflutningur og endurgreiðslur	466	(4.889)
Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði	35.455	31.684
Iðgjöld samtals	3.696.581	3.515.897

48. Lífeyrir samtryggingarsjóðs á árinu greinist þannig (í þúsundum króna):

Ellilífeyrir	929.780	854.426
Makalífeyrir	144.131	141.087
Barnalífeyrir	16.763	17.317
Örorkulífeyrir	114.822	115.553
Virk, starfsendurhæfingarsjóður	54.685	47.541
Kostnaður vegna örorkumats	1.132	456
Lífeyrir samtals	1.261.312	1.176.380

49. Fjárfestingar samtryggingarsjóðs skiptast þannig eftir verðbréfaflokkum, en þá hefur verið tekið tillit til eignasamsetningar í einstökum verðbréfasjóðum (í milljónum króna):

	2014	Hlutfall
Skuldabréf		
Skuldabréf með ríkisábyrgð	26.955	38,0%
Skuldabréf með ábyrgð fjármálastofnana	1.095	1,5%
Skuldabréf sveitarfélaga	7.577	10,7%
Önnur verðbréf	4.667	6,6%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	8.348	11,8%
Erlend skuldabréf	34	0,0%
Hlutabréf		
Innlend hlutabréf	5.670	8,0%
Erlend hlutabréf	13.522	19,0%
Hlutir og hlutdeildarsk. annarra sjóða um sameiginl. fjárfestingu	2.626	3,7%
Aðrar fjárfestingar	63	0,1%
Laust fé / skammtímaávöxtun	443	0,6%
Samtals	71.000	100,0%



50. Raunávöxtun einstakra verðbréfaflokka var þannig á árinu 2014, en þá hefur verið tekið tillit til eignasamsetningar í einstökum verðbréfasjóðum:

Eignaflokkur:	Samtryggingarsjóður	Viðmið*
Innlán í bönkum og sparisjóðum	3,5%	
Skuldabréf		0,7%
Skuldabréf með ríkisábyrgð	2,0%	
Skuldabréf sveitarfélaga	0,8%	
Skuldabréf fjármálastofnana	(0,5%)	
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	4,1%	
Önnur verðbréf	3,4%	
Erlend skuldabréf	10,0%	
Hlutabréf		
Innlend hlutabréf	15,8%	9,5%
Hlutir og hlutdeildarskírteini annarra innlendra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	1,6%	
Erlend hlutabréf	13,0%	14,6%
Hlutir og hlutdeildarskírteini annarra erlendra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	22,1%	

*Viðmið:

Skuldabréfavisitölur Kauphallar Íslands með 9 ára meðaltíma fyrir samtryggingarsjóð.

Hlutabréfavisitala aðallista Kauphallar Íslands.

Heimsvísitala Morgan Stanley með arðgreiðslum (MSCI TR) í íslenskum krónum.

51. Tryggingafræðileg staða

Samkvæmt tryggingafræðilegum útreikningi nemur áfallin lífeyrisskuldbinding samtryggingarsjóðs 72.575 millj. kr. í árslok 2014 miðað við 3,5% ársvexti og að teknu tilliti til áætlaðs kostnaðar við rekstur sjóðsins. Endurmetin hrein eign sjóðsins í árslok 2014 er 71.364 millj. kr. eða 1.211 millj. kr. lægri en áfallin skuldbinding. Lífeyrisskuldbinding samtryggingarsjóðs í árslok 2014 greinist þannig (í milljónum króna):

	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Eignir			
Hrein eign til greiðslu lífeyris	73.715	0	73.715
Endurmat verðbréfa	(443)	0	(443)
Fjárfestingarkostnaður	(1.908)	0	(1.908)
Núvirði framtíðariðgjalda	0	49.110	49.110
Eignir samtals	71.364	49.110	120.474
Skuldbindingar			
Ellilífeyrir	59.111	40.409	99.520
Örorkulífeyrir	4.488	5.389	9.877
Makalífeyrir	7.696	174	7.870
Barnalífeyrir	61	1.095	1.156
Rekstrarkostnaður	1.219	1.643	2.862
Skuldbindingar samtals	72.575	48.710	121.285
Hrein eign umfram skuldbindingar	(1.211)	400	(811)
Í hlutfalli af skuldbindingum	(1,7%)	0,8%	(0,7%)


SKÝRINGAR, frh.

52. Samtryggingarsjóður:	2014	2013	2012	2011	2010
Hrein raunávöxtun	6,2%	3,7%	9,8%	4,2%	1,5%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðastliðin fimm ár	5,1%	3,8%	(3,2%)	(5,3%)	(3,7%)
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga					
Skráð verðbréf með breytilegum tekjum	36,2%	34,5%	34,6%	32,0%	35,5%
Óskráð verðbréf með breytilegum tekjum	8,6%	6,7%	6,4%	6,1%	4,9%
Skráð verðbréf með föstum tekjum	41,0%	43,4%	40,6%	41,8%	38,8%
Óskráð verðbréf með föstum tekjum	2,4%	2,3%	3,8%	5,0%	5,4%
Veðskuldabréf	11,8%	13,1%	14,6%	15,1%	15,4%
Fjárfestingar					
Eignir í íslenskum krónum	77,3%	78,1%	77,0%	78,7%	77,1%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	22,7%	21,9%	23,0%	21,3%	22,9%
Hlutfallsleg skipting lífeyris					
Ellilífeyrir	77,1%	75,7%	78,4%	77,8%	78,0%
Makalífeyrir	12,0%	12,5%	11,8%	12,1%	11,7%
Örorkulífeyrir	9,5%	10,2%	8,6%	8,6%	8,7%
Barnalífeyrir	1,4%	1,5%	1,3%	1,5%	1,6%
Fjárhagsstaða samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt					
Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar	(1,7%)	(4,4%)	(7,6%)	(10,3%)	(12,2%)
Hrein eign umfram heildarskuldbindingar	(0,7%)	(2,2%)	(3,9%)	(4,5%)	(5,4%)
Fjöldi sjóðfélaga	6.321	6.217	6.417	6.231	6.222
Fjöldi lífeyrisþega	972	761	713	645	585
Lífeyrisbyrði	34,1%	33,4%	29,8%	29,3%	30,6%
Skilgreiningar					
Hrein raunávöxtun:	Raunávöxtun miðað við breytingu á gengi samtryggingarsjóðs.				
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar:	Meðaltal hreinnar raunávöxtunar á fimm ára tímabili.				
Fjöldi sjóðfélaga:	Meðaltal fjölda sjóðfélaga sem greiddi iðgjald á reikningsárinu.				
Fjöldi lífeyrisþega:	Meðaltal fjölda lífeyrisþega sem fékk greiddan lífeyri á reikningsárinu.				
Lífeyrisbyrði:	Lífeyrisbyrði sýnir hlutfall lífeyrisgreiðslna af iðgjöldum.				



FYLGISKJÖL

ÚTDRÁTTUR ÚR FJÁRFESTINGARSTEFNU 2015



Markmið Almenna lífeyrissjóðsins er að ávaxta fé sjóðfélaga á hagkvæman hátt og tryggja þeim sem besta ávöxtun miðað við áhættu (skilgreind með flökki ársávöxtunar). Við fjárfestingarákvarðanir sjóðsins er miðað við að hámarka verðmæti eigna sjóðsins.

Sjóðstjórar skulu ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Eignasamsetning Almenna lífeyrissjóðsins skal vera í samræmi við heimildir í VII. kafla laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 með síðari breytingum.

Í séreignarsjóði Almenna lífeyrissjóðsins geta sjóðfélagar valið á milli þriggja verðbréfasafna, Ævisafns I, II og III, með mismunandi eignasamsetningu og áhættu, eins Innlánasafns sem geymir eignir sínar á innlánsreikningum og tveggja ríkissafna. Sjóðfélagar geta valið sér safn ýmist eftir því hversu mikla áhættu þeir vilja taka eða eftir aldri. Þeir geta einnig valið Ævileiðina en þá flyst inneign þeirra

sjálfkrafa milli ævisafna til að minnka áhættu í eignasafni þeirra eftir því sem nær dregur starfslokum.

Eignir samtryggingarsjóðs eru ávaxtaðar í sérgreindu verðbréfasafni og er markmið þess að sjóðurinn eigi alltaf fyrir skuldbindingum og skili á löngum tíma ávöxtun umfram viðmiðunarávöxtun (3,5% raunávöxtun).

Almenní lífeyrissjóðurinn stefnir að því að halda fjárfestingarkostnaði í lágmarki þannig að ávöxtunin skili sér sem mest til sjóðfélaga.

Breytingar frá fjárfestingarstefnu 2014

Í fjárfestingarstefnu fyrir árið 2015 eru gerðar eftirfarandi breytingar:

- Vægi hlutabréfa og skuldabréfa í fjárfestingarstefnu samtryggingarsjóðs hefur verið breytt. Nú er stefnt að jöfnu vægi skuldabréfa og hlutabréfa, en áður var stefnt að 60% vægi skuldabréfa og 40% vægi hlutabréfa. Þessi breyting er gerð með langtímasjónarmið í huga og

í stefnunni er horft til þess að stærsti hluti hlutabréfanna verði í erlendum hlutabréfum, til að auka áhættudreifingu.

- Vægi einstakra flokka innlendra skuldabréfa í fjárfestingarstefnunni hefur verið breytt til samræmis við vægi þessara útgefenda á skuldabréfamarkaði. Þannig hefur hlutfall skuldabréfa fyrirtækja og fjármálastofnana verið aukið á móti lækkan á hlutfalli sveitarfélagaskuldabréfa.
- Stefna um hlutfall erlendra framtakssjóða (private equity) af erlendum hlutabréfum er nú 10% en áður var um heimildarákvæði að ræða (0–10%). Á móti lækkar stefna um hlutfall skráðra erlendra hlutabréfa (sjóða).
- Áhættustýring hefur verið innleidd í sjóðnum á grundvelli leiðbeinandi tilmæla um áhættustýringu frá FME. Kafli VI um áhættustefnu (útdráttur) er uppfærður með hliðsjón af uppfærðri áhættustefnu sjóðsins, samþykktari af stjórn lífeyrissjóðsins í nóvember 2014.



ÚTDRÁTTUR ÚR FJÁRFESTINGARSTEFNU 2015, frh.

Fjárfestingarstefna í %	Ævisafn I		Ævisafn II		Ævisafn III		Ríkissafn langt		Ríkissafn stutt		Innlánasafn	Samtryggingarsjóður	
	Stefna	Vikmörk	Stefna	Vikmörk	Stefna	Vikmörk	Stefna	Vikmörk	Stefna	Vikmörk	Stefna	Stefna	Vikmörk
Skuldabréf	30%	+40/-0	50%	+32/-10	80%	+16,5/-10	100%	0	100%	0		50%	+38/-10
Innlán, laust fé	1%	+12/-1	2%	+20/-2	25%	+15/-10		+30	20%	+50/-20	100%	2%	+20/-2
Með ábyrgð íslenska ríkisins	12,5%	+35/-5	24%	+30/-11	28%	+50/-14	100%	+0/-30	80%	+20/-50		24%	+30/-11
Með ábyrgð erlendra ríkja	4%	+5/-4	3%	+4/-3	2%	+3/-2						3%	+4/-3
Bæjar- og sveitarfélög	3%	+10/-3	5%	+10/-5	7%	+15/-7						5%	+10/-5
Fjármálastofnanir	1,5%	+10/-1,5	2,5%	+10/-2,5	3%	+10/-3						2,5%	+10/-2,5
Veðskuldabréf	6%	+10/-5	10%	+10/-8	11%	+10/-9						10%	+10/-8
Önnur skuldabréf	2%	+15/-2	3,5%	+15/-3,5	4%	+15/-4						3,5%	+15/-3,5
Hlutabréf	70%	+0/-40	50%	+10/-32	20%	+10/-16,5						50%	+10/-38
Innlend hlutabréf	8%	+4/-5,5	7%	+3/-5	2,5%	+1,5/-1,5						7%	+3/-5
Hlutir og hlutdeildarsk. annarra sjóða um sameiginlegar fjárfestingar	4%	+4/-4	3%	+3,5/-3	1,5%	+1,5/-1,5						3%	+3,5/-3
Erlend hlutabréf	52%	+15/-30	36%	+22/-20	14,5%	+14,5/-12						36%	+22/-26
Hlutir og hlutdeildarsk. annarra sjóða um sameiginlegar fjárfestingar	6%	+6/-6	4%	+4/-4	1,5%	+1,5/-1,5						4%	+4/-4
Eignastýringaraðferðir													
Virk stýring innlendra hlutabréfa	100%		100%		100%							100%	
Hlutlaus stýring innlendra hlutabréfa	0%		0%		0%							0%	
Virk stýring erlendra hlutabréfa	35%	+15/-15	35%	+15/-15	35%	+15/-15						35%	+15/-15
Hlutlaus stýring erlendra hlutabréfa	65%	+15/-15	65%	+15/-15	65%	+15/-15						65%	+15/-15
Ávöxtun og áhætta, %													
Vænt ávöxtun	8,4%		7,8%		6,4%		6,5%		4,3%		5,5%	7,8%	
Flókt ársávöxtunar, %	-12,4% til 29,2%		-8,2 til 23,7%		-2,5% til 15,2%		-4,8% til 17,8%		0,1% til 8,4%			-8,2% til 23,8%	
Viðmiðun, %													
Skuldabréfavísitala KÍ með mt. 10 ár							100%						
Skuldabréfavísitala KÍ með mt. 9 ár												50%	
Skuldabréfavísitala KÍ með mt. 8 ár	30%		50%										
Skuldabréfavísitala KÍ með mt. 6 ár					80%								
Skuldabréfavísitala KÍ með mt. 1 ár									100%				
Vísitala aðallista	12%		10%		4%							10%	
Heimsvísitala hlutabréfa	58%		40%		16%							40%	
Meðaltal verðtryggðra vaxta á lífeyrisreikningum hjá viðskiptabönkum											100%		
Viðmiðun fyrir meðaltíma skuldabréfa	8 ár		8 ár		6 ár		10 ár		1 ár			9 ár	
Leyfilegur meðaltími safna	5-11 ár		5-11 ár		4-9 ár		7-13 ár		1-3 ár			6-12 ár	

Taflan sýnir fjárfestingarstefnu Almenna lífeyrissjóðsins, þ.e. fjárfestingarstefnu ævisafnanna þriggja, fjárfestingarstefnu

samtryggingarsjóðs, Innlánasafns, Ríkissafns langs og Ríkissafns stutts.

Fjárfestingarstefnuna í heild sinni má nálgast á heimasíðu sjóðsins, www.almenni.is. Sjóðfélagar geta einnig komið á



ÚTDRÁTTUR ÚR FJÁRFESTINGARSTEFNU 2015, frh.

skrifstofu sjóðsins og fengið prentað eintak eða hringt og óskað eftir að fá fjárfestingarstefnuna senda í pósti.

Í töflunni eru eftirfarandi upplýsingar:

Fjárfestingarstefna

Fremst í hverju safni kemur fram langtímamarkmið um eignasamsetningu safnsins, síðan upplýsingar um vikið, sem segja til um leyfileg fráviki frá langtíma stefnunni.

Eignastýringaraðferðir

Í Ævisöfnum I, II, III og samtryggingarsjóði er stefnt að því að 65% af erlendri hlutabréfaeign sé fjárfest í sömu hlutföllum og hlutabréf viðkomandi fyrirtækja vega á

markaði. Fyrir fjárfestingar í innlendum hlutabréfum er stýringin að öllu leyti virk.

Ávöxtun og áhætta

Vænt ávöxtun og flókt ársávöxtunar taka mið af fjárfestingarstefnu hvers safns fyrir sig og eru byggð á spá um ávöxtun helstu verðbréfaflokka 2015-2019 og sögulegum gögnum um flókt og samfylgni ávöxtunar m.v. mánaðarlegar mælingar á árunum 1998 til ágúst 2014.

Viðmið


Viðmiðunarvísitala skuldabréfa fyrir Ævisöfn I og II hefur 8 ára meðaltíma, fyrir samtryggingarsjóð 9 ára meðaltíma

og fyrir Ævisafn III 6 ára meðaltíma. Þessar vísitölur eru settar saman úr skuldabréfavísitölum NASDAQ OMX Iceland (kauphallarinnar). Viðmiðunarvísitala fyrir innlend hlutabréf er vísitala aðallista kauphallarinnar og fyrir erlend hlutabréf er notuð heimsvísitala MSCI. Viðmiðunarvísitala fyrir Ríkissafn langt er 10 ára verðtryggð skuldabréfavísitala kauphallarinnar. Viðmiðunarvísitala fyrir Ríkissafn stutt er 1 árs óverðtryggð skuldabréfavísitala kauphallarinnar. Viðmiðun fyrir Innlánasafn er meðaltal verðtryggðra vaxta á lífeyrisreikningum hjá innlendum viðskiptabönkum.

ÚTDRÁTTUR ÚR ÁHÆTTUSTEFNU 2015

Greining og meðhöndlun áhættu í rekstri allra skipulagsheilda er umfangsmikið verkefni sem stöðugt þarf að endurmeta og þróa í samræmi við breytingar í efnahagslegu og lagalegu umhverfi. Viðtæk áhættustýring er og hefur verið til staðar hjá Almenna lífeyrissjóðnum um árabil en síðastliðin ár hefur verið unnið markvisst að aukinni formfestu við skipulagið.

Ferli við mótun áhættustefnu tekur mið af greinargerð vinnuhóps á vegum Landsamtaka lífeyrissjóða um góðar venjur í eigna- og áhættustýringu lífeyrissjóða og leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins um áhættustýringu hjá lífeyrissjóðum. Í áhættustefnu sjóðsins er ferli áhættustýringar til einföldunar skipt upp í fimm liði sem byggja hver á öðrum og lýsa má sem hringrás endurtekinna verkefna. Liðirnir eru áhættugreining, áhættumat, áhættustefna, áhættueftirlit og mat á áhættueftirliti og er hér hverjum þeirra lýst í stuttu máli.



Áhættugreining

Stjórnendur sjóðsins framkvæma árlega sérstaka greiningu sem byggir á að yfirfara allar áhættur í rekstri sjóðsins, meta afleiðingar þeirra, skipuleggja eftirlit með þeim og viðbrögð

sem eftirlitið getur leitt til ef það sýnir stöðu utan markmiða. Á grundvelli áhættugreiningarinnar eru skráðir verkferlar með lýsingu á eftirlitsaðgerðum og viðbragðsáætlun ef eftirlitið sýnir frávik frá skilgreindum mörkum fyrir áhættu. Stjórnendur sjóðsins bera ábyrgð á að eftirlit byggt á áhættugreiningunni sé raunverulegt og virkt.

Áhættumat

Til grundvallar er niðurstaða áhættugreiningar og leggja stjórnendur í áhættumati mat á líkindum þess að atburðir þróist þannig að einstök greind áhætta verði að veruleika og hvaða afleiðingar það hefði fyrir sjóðinn, þróist atburðir þannig. Metin er þróun rekstrarumhverfis liðins árs og væntinga um breytingar til framtíðar með það að markmiði að meta breytt vægi einstakra áhætta í rekstri sjóðsins hvað varðar líkindi og afleiðingar fyrir sjóðinn.

Áhættustefna

Áhættustefna sjóðsins er afrakstur áhættugreiningar og áhættumats stjórnenda sjóðsins en þar eru skilgreindir eftirfarandi 31 áhættupáttur:

Fjárhagsleg áhætta

Vaxtaáhætta
Uppgreiðsluáhætta
Markaðsáhætta
Gjaldmiðlaáhætta
Ósamræmisáhætta
Verðbólguáhætta
Eignir utan efnahagsreiknings

Mótaðilaáhætta

Útlánaáhætta
Útgefendur hlutabréfa
Samþjöppunaráhætta
Landsáhætta

Lífeyristryggingaráhætta

Skerðingaráhætta
Iðgjaldaáhætta
Umhverfisáhætta
Lýðfræðileg áhætta
Réttindaflutningsáhætta
Lausafjáráhætta
Seljanleikaáhætta
Útstreymisáhætta

Rekstraráhætta

Starfsmannaáhætta
Áhætta vegna svika
Upplýsingatækniáhætta
Orðsporsáhætta

Afhendingaráhætta Uppgjörsáhætta

Lagaleg áhætta
Skjalaáhætta
Úrskurðaráhætta lífeyris
Áhætta vegna útivistunar
Upplýsingaáhætta
Frávikaáhætta

Í stefnunni er sundurliðuð greining áhættupátta og mat stjórnenda á mikilvægi hvers áhættupáttar í rekstri sjóðsins. Tilgreint er hverjir bera ábyrgð á greiningu, mati og skipulagi eftirlitsaðgerða einstakra áhætta við árlega uppfærslu áhættustefnu. Við hverja eftirlitsaðgerð er tilgreindur ábyrgðaraðili og að auki tíðni og tímasetning framkvæmdar eftirlitsaðgerða í hverju tilviki. Jafnframt eru í áhættustefnunni tilgreindar viðmiðanir fyrir áhættur sem stjórnendur telja ásættanlegt að taka varðandi einstakar áhættur (þar sem því verður komið við), lýsing á viðbrögðum við frávikum frá viðmiðunum komi slíkt upp.

Áhættueftirlit

Niðurstöður eftirlitsaðgerða eru teknar saman í mánaðarlegar framvinduskýrslur sem í kjölfarið eru yfirfarnar af stjórnendum sjóðsins. Sýni niðurstöður eftirlitsaðgerða áhættu umfram stefnu skal brugðist við í samræmi við viðbragðslýsingu.

Mat á áhættueftirliti

Rekstrarstjóri heldur utan um framvindu áhættueftirlits og niðurstöður eftirlitsaðgerða. Rekstrarstjóri metur hvort framkvæmd og niðurstöður eftirlitsaðgerða séu í samræmi við áhættustefnu og annað skjalfest skipulag og/eða heimildir. Rekstrarstjóri dregur saman og gefur álit á niðurstöðum til kynningar fyrir stjórn og framkvæmdastjóra.



STJÓRNARHÁTTAYFIRLÝSING

Inngangur

Almenni lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt samþykktum sjóðsins, lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og öðrum þeim reglum sem um lífeyrissjóði gilda. Almenni lífeyrissjóðurinn er fullgildur lífeyrissjóður og hefur starfsleyfi frá fjármálaráðuneytinu. Við mótun stjórnhátta hefur stjórn sjóðsins litið til og haft til hliðsjónar leiðbeiningar um stjórnhætti fyrirtækja sem eru gefnar út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins. Markmið Almenna lífeyrissjóðsins er að tryggja sjóðfélögum sínum sem hæstan lífeyri við starfslok, veita sjóðfélögum tryggingavernd vegna tekjumissis í kjölfar örorku og stuðla að auknu fjárhagslegu öryggi aðstandenda við andlát. Sjóðurinn tileinkar sér ábyrga starfshætti og stefnir að því að vera í fararbroddi í upplýsingagjöf, þjónustu og nýjungum í lífeyrismálum.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt skipulag innra eftirlits fyrir sjóðinn með það að markmiði að lífeyrissjóðurinn nái settum markmiðum í starfsemi sinni með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum ásamt því að fylgjast með að lögum, reglum settum á grundvelli þeirra, samþykktum sjóðsins og öðrum innri reglum sé framfylgt. Skipulag innra eftirlits tekur mið af reglum FME nr. 577/2012 um endurskoðunardeildir og sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila lífeyrissjóða

Stjórnin hefur einnig samþykkt fjárfestingarstefnu samkvæmt reglum Fjármálaeftirlitsins, áhættustefnu til að setja viðmið um áhættutöku með því að greina áhættur sem sjóðurinn býr við, skilgreina eftirlitsaðgerðir og viðbrögð ef sjóðurinn fer út fyrir viðmið. Fjárfestingarstefnan er samin samkvæmt reglugerð nr. 916/2009 um fjárfestingarstefnu og úttekt á ávöxtun lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarspamaðar.

Í stjórn sjóðsins sitja sex aðalmenn og þrír varamenn. Stjórn sjóðsins er kosin af sjóðfélögum á ársfundi og eru kosnir tveir aðalmenn á hverju ári til þriggja ára og einn varamaður jafnlengi. Í stjórn Almenna lífeyrissjóðsins sitja eingöngu sjóðfélagar. Stjórnin hittist að jafnaði 11 sinnum á ári á reglulegum stjórnarfundum. Varamenn eru boðaðir í forföllum aðalmanna og á tvo fundi á ári. Á blaðsíðu 7 eru upplýsingar um skipan stjórnarinnar og á heimasíðu sjóðsins eru ítarlegar upplýsingar um hvern stjórnarmann og kjörtímabil viðkomandi. Stjórnin hefur sett sér samskipta- og starfsreglur þar sem fjallað er um verksvið, málsvara, stjórnarfundir, ákvörðunarvald, fundargerðir, þagnar- og trúnaðarskyldu, vanhæfi og fleira. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra og

hefur samþykkt starfsreglur um störf hans. Stjórnin hefur einnig samþykkt verklagsreglur um hæfi lykilstarfsmanna. Ofangreindar starfsreglur eru aðgengilegar á heimasíðu sjóðsins. Upplýsingar um stjórn og starfsfólk eru á bls. 7 og 8 í ársskýrslunni.

Endurskoðunarnefnd er skipuð af stjórn sjóðsins einu sinni á ári samkvæmt samþykktum. Hlutverk nefndarinnar er að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, eftirlit með endurskoðun ársreiknings og mat á óhæði endurskoðenda. Á blaðsíðu 7 eru upplýsingar um skipan nefndarinnar og á heimasíðu sjóðsins er að finna starfsreglur og upplýsingar um nefndarmenn.

Gildi og siðareglur

Starfsmenn hafa í sameiningu skilgreint neðangreind gildi til að hafa sem leiðarljós í störfum fyrir lífeyrissjóðinn og sjóðfélaga hans.

JÁKVÆÐNI

- Við hvetjum hvert annað til dáða
- Við lítum með opnum huga á komandi verkefni
- Við erum opin og einlæg í samskiptum
- Við erum opin fyrir breytingum og keppum stöðugt að framförum

SAMVINNA

- Við vinnum sem ein heild að okkar markmiðum
- Við vöndum okkur við öll störf; vinnum faglega og fylgjum verkferlum og vinnulýsingum

VIRÐING

- Við virðum það sem okkur er treyst fyrir
- Við leggjum áherslu á að halda kostnaði í lágmarki og gæta aðhalds eins og hægt er
- Við komum fram við sjóðfélaga og aðra eins og við viljum að aðrir komi fram við okkur
- Við virðum hvert annað

STJÓRNARHÁTTAYFIRLÝSING, frh.

Starfsmenn hafa einnig sett sér siðareglur þar sem lykilhugtök eru; trúnaður, gegnsæi, hlutleysi, fagmennska og jafnræði. Lesa má siðareglurnar á heimasíðu sjóðsins.

Stefna um samfélagslega ábyrgð

Hjá Almenna lífeyrissjóðnum eru allar ákvarðanir teknar með hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi. Með því stuðlar sjóðurinn að góðri þjónustu og ávöxtun til langs tíma sem er til hagsbóta fyrir sjóðfélaga og samfélagið í heild.

Stefna sjóðsins um samfélagslega ábyrgð felst í

1. ítarlegri fjárfestingarstefnu sem er aðgengileg fyrir sjóðfélaga. Tilgangurinn er að þeir viti hvernig sjóðurinn ávaxtar fjármuni sína svo þeir geti tekið upplýsta ákvörðun um val á ávöxtunarleið eða haft áhrif á fjárfestingarstefnuna. Þannig stuðlar sjóðurinn að því að fjármunir sjóðsins leiti í fjárfestingar sem skila sjóðfélögum

- góðri ávöxtun í samræmi við þá áhættu sem þeir vilja taka.
2. þjónustu við sjóðfélaga sem miðar að því að hjálpa þeim að tryggja fjárhagslegt öryggi.

Sjóðurinn ávaxtar eignir samkvæmt fjárfestingarstefnu sem byggir á því að ná góðum árangri fyrir sjóðfélaga til langs tíma. Markmið Almenna lífeyrissjóðsins, er að ávaxta fé sjóðfélaga á hagkvæman hátt og tryggja þeim bestu ávöxtun miðað við áhættu. Eignasamsetning skal vera í samræmi við heimildir í VII. kafla laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 með síðari breytingum. Sjóðurinn leggur áherslu á vandaða og ítarlega fjárfestingarstefnu sem er aðgengileg fyrir sjóðfélaga. Í henni er að finna upplýsingar um eignaflokka sem sjóðurinn stefnir á að eiga og viðmiðanir sem sjóðstjórar hafa við val á verðbréfum. Fjárfestingarstefnan er kynnt sérstaklega á ársfundum sjóðsins.

Lífeyrissjóðurinn leggur áherslu á að veita greinargóðar upplýsingar um starfsemi sjóðsins, eignir og réttindi. Sjóðurinn leggur sérstaka áherslu á fræðslu til sjóðfélaga þannig að þeir geti tekið upplýstar ákvarðanir um val á ávöxtunarleið, um viðbótarsparnað til að tryggja ásættanleg eftirlaun, um viðbótartryggingar til að verjast áföllum o.fl. Með þessu móti vill sjóðurinn leggja sitt af mörkum til að sjóðfélagar geti tekið upplýstar ákvarðanir um eigin fjármál. Þannig stuðlar sjóðurinn að fjárhagslegu öryggi sjóðfélaga til hagsbóta fyrir sjóðfélaga og samfélagið í heild.

Staðfesting stjórnar

Stjórn sjóðsins hefur sett saman stjórnarháttafirlýsingu þessa eftir bestu vitund. Henni er ætlað að veita sem bestar upplýsingar um stjórnarhætti sjóðsins til sjóðfélaga, eftirlitsaðila og annarra aðila.

Samþykkt af stjórn Almenna lífeyrissjóðsins 25. febrúar 2015.

